

# *FLATASKÓLI*

STARFSÁÆTLUN

SKÓLAÁRÍÐ 2022-2023



**Garðabæ, 1. október 2022**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
Hagnýtar upplýsingar .....	5
Skrifstofuþjónusta .....	5
Forföll nemenda .....	6
Leyfi frá skóla.....	6
Aðkoma að skóla .....	6
Hjól .....	6
Öryggi nemenda .....	7
Gæsla í frímínútum.....	7
Gæsla í íþróttahúsi .....	7
Óskilamunir .....	7
Ábyrgð á persónulegum eigum nemenda .....	7
Snjallsímar og snjallúr.....	7
Tryggingar.....	8
Matarmál nemenda.....	8
Stjórnun skólans og starfsfólk .....	9
Starfsmenn Flataskóla .....	9
Skipurit .....	11
Fundaskipulag.....	11
Kennarafundir.....	11
Stigsfundir og vinnufundir .....	11
Teymisfundir kennsluteyma .....	11
Starfsmannafundir.....	12
Deildafundir leikskóladeildar .....	12
Skólaliða- og stuðningsfulltrúafundir .....	12
Starfsmannafundir Krakkakots .....	12
Yfirlit skipulagðra funda.....	12
Skólaráð .....	14
Aðrar nefndir og ráð .....	15
Skólaárið og skóladagatal .....	16
Sérstakir hefðir í skólastarfinu.....	18
Skólasetning grunnskólans .....	18
Morgunsamvera .....	19
Skólaþing .....	20
Vinabekkir.....	20
Vinabekkjadagur .....	20
Hópefli .....	20
Vinadagar.....	20
Dagur íslenskrar tungu .....	21
Látum gott af okkur leiða .....	21
Jólaskemmtanir .....	21
Listviðburðir.....	21

Bolludagur .....	21
Öskudagur .....	21
Vetrarferðir.....	21
Ljóðasamkeppni.....	21
Flataskólaleikar .....	21
Unicef hreyfingin .....	21
Vettvangsferðir og vorferðir.....	22
Skólaslit grunnskólans .....	22
Skóladagur grunnskólanemenda.....	22
Stefna skólans.....	23
Einkunnarorð Flataskóla.....	23
Stefna skólans og áherslur í starfinu .....	24
Viðmiðatafla - grunnskólastarf.....	24
Skólabragur.....	27
Skólareglur.....	27
Snjallsímar og snjallúr.....	27
Almenn viðbrögð við agamálum .....	27
Nemendur .....	28
Réttindaráð.....	28
Félags- og tómstundastarf grunnskólans .....	28
Bekkjarkvöld .....	28
Árshátíð í 7. bekk.....	28
Ýmsir viðburðir .....	29
Frístundaheimili.....	29
Leikskóladeild .....	29
Starfsáætlun leikskóladeildar Flataskóla 2022-2023.....	31
Samstarf grunn- og leikskóla - brúum bilið .....	32
Foreldrar.....	33
Miðlun upplýsinga til foreldra og foreldrasamstarf .....	33
Haustfundir grunnskólans .....	34
Foreldra- og nemendaviðtöl grunnskólans .....	35
Viðmið um samskipti foreldra og kennara í Flataskóla .....	35
Tölvupóstur .....	35
Sími/tilkynningar forfalla/leyfisveitingar.....	35
Facebook og aðrir samskiptamiðlar .....	36
Árgangasíður á Facebook .....	36
Heimsóknir foreldrar í skólastofur/ inn á deild.....	36
Samstarf við erlenda foreldra.....	36
Foreldrafélag Flataskóla .....	37
Stjórn og bekkjafulltrúar.....	37
Tilhögun kennslu í grunnskólanum .....	38
Útfærsla viðmiðunarstundaskrár .....	38
Námsáætlanir grunnskólans.....	39
Námsmat grunnskólans.....	39
Matsaðferðir.....	39

Safnmöppur .....	40
Lestrarstefna grunnskólans .....	41
Heimalestur .....	41
Stoðþjónusta - sérfræðiþjónusta.....	42
Sérkennsla .....	42
Lestrargreining .....	42
Nemendavernd.....	43
Námsráðgjöf.....	43
Sálfræðiþjónusta .....	44
Talmeinafræðingur.....	44
Skólaheilsugæsla .....	44
Hvert á að leita .....	45
Ýmsar áætlanir .....	45
Mat á skólstarfi.....	45
Innra mat grunnskólans.....	46
Ytra mat grunnskólans.....	46
Áætlun um sjálfsmat grunnskólans .....	46
Matsáætlun leikskóla 2022-2023 .....	48
Skólaþróun og umbætur .....	49
Leiðsagnarnám og námsmat .....	49
Skólabragur og stefna skólans.....	50
Kennsluráðgjöf.....	51
Starfsþróun.....	52
Helstu námskeið og fræðslufundir á skólaárinu.....	52

## Inngangur

Samkvæmt 29. gr. grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Hér birtist starfsáætlun Flataskóla fyrir skólaárið 2022-2023. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vef skólans <http://www.flataskoli.is>.

Starfsáætlunin var staðfest á fundi skólaráðs þann 26. september 2022.

## Hagnýtar upplýsingar

Heimilisfang skólans: Flataskóli v/Vífilsstaðaveg

Símanúmer skólans: 5133500

Netfang: [flataskoli@flataskoli.is](mailto:flataskoli@flataskoli.is)

Heimasíða: <http://www.flataskoli.is>

Skólastjóri: Ágúst Frímenn Jakobsson, [agustja@flataskoli.is](mailto:agustja@flataskoli.is)

Aðstoðarskólastjóri: Edda Gíslrún Kjartansdóttir, [eddakj@flataskoli.is](mailto:eddakj@flataskoli.is)

Deildarstjórar: Helga Melsteð og Helga Kristjánsdóttir

Húsvörður: Miralem Hasetta

Skrifstofustjóri: Ásta Ragna Stefánsdóttir

Leikskóladeild sími: 5133515 / 6171573

Frístundaheimilið Krakkakot sími: 5133503/8208557

Umsjónarmaður Krakkakots: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson

Netfang Krakkakots: [flataskoli-fristund@flataskoli.is](mailto:flataskoli-fristund@flataskoli.is)

## Skrifstofuþjónusta

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:45 – 15:00 mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum er opið til kl. 14:30. Skrifstofustjóri er Ásta Ragna Stefánsdóttir.

## Forföll nemenda

Forráðamenn tilkynni forföll nemenda fyrir upphaf skóladags inn á Mentor.is, á skrifstofu skólans í síma 5133500 eða á netfangið flataskoli@flataskoli.is


## Leyfi frá skóla

Foreldrar eru beðnir um að reyna að nýta jóla-, vetrar- og páskaleyfi fyrir ferðalög og taka börnin ekki úr skóla á skólatíma nema í ýtrustu neyð. Ef nemandi þarf að fá leyfi skal sækja um það í gegnum svæði foreldra á mentor.is. Ef einungis er um 1-2 daga er að ræða má einnig hafa samband við umsjónarkennara. Rétt er að minna á að það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa af í leyfum frá skóla.

## Aðkoma að skóla

Flataskóli er staðsettur við Vífilstaðaveg í Garðabæ. Hann er í öruggu göngufæri við flest hverfin í kring og eru undirgöng undir Vífilstaðaveg með tengingu við Túnahverfið og göngustígar af Flötum og Fitja- og Ásahverfi. Bílastæði eru fyrir framan skólann. Bæði nemendur og starfsmenn eru hvattir til þess að koma gangandi eða hjólandi í skólann.

Kort af umhverfi Flataskóla:



## Hjól

Nemendum er frjálst að koma á reiðhjólum í skólann treysti forráðamenn barni sínu til þess. Rétt er þó að minna á mikilvægi þess að kenna börnunum öruggustu leiðirnar í skólann og gæta að búnaði hjólsins s.s ljósabúnaði og lás. Skólinn tekur ekki ábyrgð á hjólum eða öðrum verðmætum sem geymd eru við skólann.

Hjól, hlaupahjól og hjólabretti eru leyfð til að ferðast til og frá skóla. Þá er skylda að nota hjálm. Notkun hjóla, hlaupahjóla og hjólabretta er óheimil á skólalóð á skólatíma nema á sérstakri hjólabraut við skólalóð Flataskóla. Þar mega nemendur vera á hjólum í frímínútum og verða þá að nota hjálm.

## Öryggi nemenda

Þegar vá steðjar að vegna utanaðkomandi þátta s.s. óveðurs, veikindafaraldra, eða náttúruhamfara er unnið samkvæmt áætlun Almannavarna ríkisins. Áætlunin er aðgengileg á vef skólans og Garðabæjar. Hver skóli gerir eigin áætlanir og verkferla um ýmislegt er varðar öryggi nemenda eins og áfallaáætlun, forvarnaráætlun, eineltisáætlun og rýmingaráætlun. Sjá nánar á heimasíðu Flataskóla.

## Gæsla í frímínútum

Starfsmenn Flataskóla sjá um alla gæslu í frímínútum á skólatíma. Þá eru starfsmenn til taks á öllum svæðum á skólalóðinni.

## Gæsla í íþróttahúsi

Starfsmenn íþróttahúss sjá um gæslu í búningsklefum og á göngum íþróttahúss. Stuðningsfulltrúar skólans fylgja nemendahópum í íþróttir og sund í undantekningartilfellum ef þörf er talin á því.

## Óskilamunir

Hjá því verður ekki komist að á hverju ári verður eftir fjöldi óskilamuna í skólanum. Foreldrum og nemendum er bent á að snúa sér til starfsmanna skólans og/eða íþróttahúss í leit að týndum eignum. Sá fatnaður sem hefur ekki verið sóttur í lok skólaárs er gefinn til hjálparstofnana eða líknafrélaga.

## Ábyrgð á persónulegum eignum nemenda

Skólinn tekur ekki ábyrgð á fjármunum og persónulegum eignum nemenda, nema hægt sé að rekja það til starfsfólks eða vanbúnaðar skólahúsnæðis. Því eru foreldrar/forráðamenn beðnir að sjá til þess að nemendur komi ekki með peninga eða óþarfa hluti í skólann. Skólinn hvetur foreldra/forráðamenn til að merkja vel allan fatnað nemenda, töskur og aðrar eigur.

## Snjallsímar og snjallúr

Í Flataskóla er nemendum óheimilt að nota eigin síma eða snjalltæki. Ef nemendur þurfa að mati foreldra að koma með síma eða snjalltæki í skólann skal vera slökkt á tækjunum eða þau í flugham. Tækin eru ávallt á ábyrgð eigenda sinna.

### Viðurlög ef reglum um síma er ekki fylgt:

Fylgi nemandi ekki farsímareglum er hann minntur á reglurnar og gert að ganga frá símanum. Brjóti nemandi reglurnar ítrekað þrátt fyrir áminningu er honum boðið að velja á milli þess að:

- a) afhenda kennara/starfsmanni símann. Síminn er geymdur hjá umsjónarkennara eða umsjónarmanni frístundar til loka skóladags.
- b) fara á skrifstofu skólans og bíða þar uns foreldri hefur komið í skólann til að ljúka afgreiðslu málsins.

Ef nemandi á endurtekið í erfiðleikum með að fylgja farsímareglum Flataskóla getur komið til þess, að höfðu samráði við foreldra, að honum verði bannað að koma með síma í skólann.

## Tryggingar

Öll skólabörn í Garðabæ eru tryggð hjá Sjóvá hvort sem það eru líf-, örorku- eða slysatryggingar á meðan þau eru á ábyrgð skóla á skólatímum s.s. á skólalóð eða í ferðum á vegum skólans. Gera þarf skýrslu um þau óhöpp sem upp kunna að koma og senda Sjóvá til varðveislu. Foreldrum er bent á að senda reikninga sem verða til vegna slysa til Sjóvá sem sér um að greiða sjúkrakostnað enda skýrslan í þeirra höndum.

## Matarmál nemenda

Garðabær hefur gert samning við fyrirtækið Matartíminn sem sér um framleiðslu og framreiðslu á heitum mat fyrir nemendur í hádeginu. Nemendur í 2. – 7. bekk borða í matsal skólans en nemendur í 1. bekk borða í húsnæði frístundaheimilis skólans. Nemendur leikskóladeildar borða inni á sinni deild. Nemendur geta verið í áskrift alla daga vikunnar eða ákveðna vikudaga. Nánari upplýsingar um matseðla o.fl. er að finna á <http://www.matartiminn.is>

Ákveðnar reglur gilda um nestismál nemenda í anda lýðheilsu og til að minnka sorp í skólanum. Mikilvægt er að nemendur borði staðgóðan morgunmat áður en þeir koma í skólann. Í Flataskóla er lögð áhersla á hollt matarræði. Því hafa verið sett fram þau viðmið að börnin hafi ávallt með sér hollt og gott nesti og eru foreldrar beðnir að virða það og senda börnin ekki með annað í skólann. Í morgunhressingu sem er um kl. 10:00 er í boði að koma með ávexti, grænmeti og brauðsneið og með því er drukkið vatn. Allt sælgæti, orkustangir, djús og tyggjó eiga nemendur að skilja eftir heima.

Samkvæmt reglum frá Heilbrigðiseftirlitinu mega yngri nemendur ekki meðhöndla heitt vatn í matsal grunnskóla (þar með talið úr örbylgjuofnum). Að mati Heilbrigðiseftirlitsins eiga grunnskólar að setja sér sérstakar reglur um notkun nemenda á hitunartækjum, t.d. örbylgjuofnum og samlokugrillum til þess að minnka líkur á slysum og bakteríumengun. Því gilda eftirfarandi reglur í matsal Flataskóla:

- Nemendur í 1.-4. bekk mega ekki meðhöndla heitt vatn í mótuneyti skólans (þar með talið úr örbylgjuofnum). Nemendur í 5.-7. bekk mega meðhöndla heitt vatn úr hitabúsa, en þeir mega ekki hita það frekar í örbylgjuofni. Nemendum ber að gæta hreinlætis og varkárni í meðferð matvöru og áhalda til þess að lágmarka líkur á slysum og bakteríumengun.
- Með hádegismat drekka nemendur vatn. Aðra drykki er mælt til að nemendur skilji eftir heima.

Nokkrum sinnum á skólaárinu eru gerðar undantekningar í nestismálum nemenda. Það tilkynnir kennari nemendum og foreldrum sérstaklega. Það getur verið svokallað sparinesti sem nemendur fá að koma með í sérstökum vettvangsferðum. Þá er átt við að nemendur megi koma með t.d. snúð, kleinu eða kex og drykki. Fyrir jólin á svokölluðum stofujólum mega nemendur koma með gos og smákökur eða kex. Sama á við á bekkjarskemmtunum með foreldrum.



## Stjórnun skólans og starfsfólk


### Starfsmenn Flataskóla

Við skólann starfa um 80 starfsmenn þar af eru 48 kennarar, 4 stjórnendur, kennsluráðgjafi, námsráðgjafi, 2 þroskaþjálfar og aðrir starfsmenn, m.a. skólaliðar, stuðningsfulltrúar, umsjónarmaður frístundaheimilisins Krakkakots, leiðbeinendur á frístundaheimili, skrifstofustjóri og húsvörður. 7 starfsmenn eru í leyfi skólaárið 2022-2023.

Nafn	Netfang	Starfsheiti
Amanda Michelle Tyahur	amandaty@flataskoli.is	Starfsmaður á leikskóla
Ana Cristina Da Conceicao Bento	anabe@flataskoli.is	Skólaliði
Anna Margrét Pálsdóttir		Í leyfi
Andrea Stefánsdóttir	andreas@flataskoli.is	Leiðbeinandi/umsjón í 3. bekk
Andri Marteinnsson	andrima@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 7. bekk
Anna Lind Þórðardóttir	annathordar@flataskoli.is	Leiðbeinandi/ umsjón í 4. bekk
Anna María Daníelsdóttir	annamaria@flataskoli.is	Stuðningsfulltrúi
Atli Jóhannesson	atlijo@flataskoli.is	Íþróttakennari
Auður Gunnarsdóttir	audurgunn@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 3. bekk
Auður Skúladóttir	audursk@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 6. bekk
Aþena Nína Newman Eiríksdóttir	athenaei@flataskoli.is	Stuðningsfulltrúi/ frístundaleiðbeinandi
Ágúst Frímánn Jakobsson	agustja@flataskoli.is	Skólastjóri
Ágústa Lúðvíksdóttir	agustalu@flataskoli.is	Bókasafnsfræðingur
Ásta Ragna Stefánsdóttir	astastef@flataskoli.is	Skrifstofustjóri
Berglind Guðmundsdóttir	berglingudm@flataskoli.is	Leikskólakennari
Bjarki Snær Bjarnason		Stuðningsfulltrúi
Bryndís Rut Stefánsdóttir	bryndisstef@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 2. bekk
Danero Axel Thomas		Skólaliði/frístundarleiðbeinandi
Edda Gíslrún Kjartansdóttir	eddakj@flataskoli.is	Aðstoðarskólastjóri
Elín Ása Þorsteinsdóttir	elina@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 6. bekk
Elín Rós Ármannsdóttir		Frístundaleiðbeinandi
Elínborg Anna Siggeirsdóttir	elinborgs@flataskoli.is	Kennsluráðgjafi
Elísabet Blöndal	elisabetbl@flataskoli.is	Leiðbeinandi/ umsjón í 5. bekk
Eric Ndayisaba	ericnd@flataskoli.is	Skólaliði
Erla Björg Káradóttir	erlakara@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 6. bekk
Erna Þorleifsdóttir	ernath@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 4. bekk
Fannís Kara Guðnadóttir		Stuðningsfulltrúi/ frístundarleiðbeinandi
Guðmundur L. Þorvaldsson	gudmundurtho@flataskoli.is	Umsjónarmaður Krakkakots
Halla Björg Ragnarsdóttir	hallara@flataskoli.is	Þroskaþjálfari
Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir	hallar@flataskoli.is	Umsjónarkennari 7. bekk
Hanna Björg Liljudóttir	hannali@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 5. bekk
Hanna Borg Jónsdóttir	hannajons@flataskoli.is	Smiðjukennari
Hanna Lóa Friðjónsdóttir	hanna@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 6. bekk

Hannes Ingi Geirsson	hannesg@flataskoli.is	Íþróttakennari
Helena Bryndís Hauksdóttir		Frístundaleiðbeinandi
Helga Garðarsdóttir	helgagard@flataskoli.is	Afleysingakennari
Helga Kristjánsdóttir	helgakris@flataskoli.is	Deildarstjóri yngri nemenda
Helga María Guðmundsdóttir	helgam@flataskoli.is	Sérkennari
Helga Melsteð	helgame@flataskoli.is	Deildarstjóri stoðþjónustu
Herdís Jónsdóttir	herdisj@flataskoli.is	Deildarstjóri 4 og 5 ára deild
Íris Björk Baldursdóttir	irisb@flataskoli.is	Sérkennari
Íris Pálsdóttir	irispa@flataskoli.is	Stuðningsfulltrúi
Jelena Djuric	jelenadj@flataskoli.is	Stuðningsfulltrúi
Jóhanna G. Ólafsson	johannago@flataskoli.is	Heimilisfræðikennari
Jón Bjarni Pétursson	jonp@flataskoli.is	Íþróttakennari
Katrín Anna Eyvindardóttir	katrin.anna@flataskoli.is	Námsráðgjafi
Kristín Ósk Þorleifsdóttir	kristinosk@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 7. bekk
Kristín Sigurðardóttir	kristinha@flataskoli.is	Deildarstjóri leikskóla
Laufey Harpa Halldórsdóttir		Stuðningsfulltrúi
Linda Þorvaldsdóttir	lindath@flataskoli.is	Myndlistarkennari
Margrét Ásdís Haraldsdóttir	margret@flataskoli.is	Sérkennari
Margrét Indíana Guðmundsdóttir	margretgud@flataskoli.is	Textílkennari
Margrét Tómasdóttir	margrett@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 5. bekk
María Gísladóttir		Skólaliði
Marley Bayacag Maniquez		Í leyfi
Marta Manzanilla Manumbas		Skólaliði
Miralem Haseta	miralemha@flataskoli.is	Húsvörður
Nanna Huld Kristjánsdóttir		Frístundaleiðbeinandi
Noemi Rodriguez Peinado		Skólaliði/ starfsmaður á leikskóla
Olena Likar	lenasytnikova@gmail.com	Starfsmaður í leikskóla
Petra Björg Kjartansdóttir	petrakj@flataskoli.is	Þroskaþjálfari
Ragna Gunnarsdóttir	ragnag@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 7. bekk
Rakel Svansdóttir	rakels@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 4. bekk
Rogélia Helena Pinheiro Grilo		Skólaliði
Rosa Elvira Castillo Fabian		Matráður/ starfsmaður í leikskóla
Rut Ingólfssdóttir Blurton	rutin@flataskoli.is	Smíðakennari
Sif H. Bachmann	sif@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 1. bekk
Sigrún Waage	sigrunwa@flataskoli.is	Sviðslistakennari
Stacy Julu Kristjánsson		Frístundaleiðbeinandi
Svanhvít Guðbjartsdóttir	svanhvitg@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 1. bekk
Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir	sveinbjorgsv@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 2. bekk
Syeda Maham Fatima		Frístundaleiðbeinandi
Thelma Dögg Einarisdóttir		Frístundaleiðbeinandi
Vigdís Edda Friðriksdóttir		Frístundaleiðbeinandi
Þórdís Þórðardóttir	thordisth@flataskoli.is	Umsjónarkennari í 3. bekk

## Skipurit



## Fundaskipulag

### Kennarafundir

Sameiginlegur fundartími hjá kennurum skólans er á fimmtudögum kl. 15:00-16:00. Á þessum tíma eru ýmist haldnir kennarafundir, stigsfundir eða fundir teyma af ýmsu tagi (sjá áætlun um fundi hér aftar). Fundirnir eru samstarfsvettvangur þar sem ýmsar ákvarðanir eru teknar varðandi skólahaldið og stefna skólans er rædd reglulega.

### Stigsfundir og vinnufundir

Stigsfundir eru haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði. Þar funda kennarar 1. - 4. bekkja og 5. - 7. bekkja með stjórnendum og fara yfir málefni sem tengjast því skólastigi. Á móti þessum fundum eru einnig sérstakir vinnufundir kennara þar sem unnið er í vinnuhópum ýmist árgangaskipt eða faggreinaskipt að ýmsu er varðar faglegt starf og skipulag innan skólans.

### Teymisfundir kennsluteyma

Tvisvar sinnum í viku hafa kennsluteymi skólans fastan fundartíma. Markmið þeirra funda er að skipuleggja og samræma starfið í teymunum, . Þeir kennarar sem kenna saman í árgangi funda saman og samræma kennsluna í viðkomandi árgangi. Sérgreinakennarar funda saman og sérkennarar funda einnig. Einu sinni í viku funda sérkennarar og stuðningsfulltrúar með umsjónarkennurum í þeim árgöngum sem þeir sinna.

**Starfsmannafundir**

Fastir starfsmannafundir eru þrisvar til fjórum sinnum á skólaárinu. Á starfsmannafundum er fjallað um málefni sem eiga erindi við alla starfsmenn og varða starf og skipulag skólstarfsins.

**Deildafundir leikskóladeildar**

Deildafundir leikskóladeildar eru haldnir á þriggja vikna fresti yfir skólaárið. Á þeim eru rædd málefni leikskóladeildarinnar og skipulag starfsins í deildinni.

**Skólaliða- og stuðningsfulltrúafundir**

Stjórnendur funda með skólaliðum og stuðningsfulltrúum á tveggja til þriggja vikna fresti yfir skólaárið. Á skipulagsdögum er einnig fundað sérstaklega með stuðningsfulltrúum til umræðna og fræðslu.

**Starfsmannafundir Krakkakots**

Nokkrum sinnum yfir árið hittast allir starfsmenn frístundaheimilisins til að stilla saman strengi sína og fara yfir skipulag og annað sem varðar starfsemi Krakkakots. Einnig er miðað við að starfsfólk hittist daglega kl. 13:15 til að fara yfir daginn framundan áður en nemendur mæta kl. 13:30.

**Yfirlit skipulagðra funda**

Hér má sjá yfirlit þeirra funda vetrarins sem þegar hafa verið dagsettir. Í sumum tilfellum hafa umræðuefni þegar verið ákveðin en í öðrum tilfellum verða þau ákveðin þegar nær dregur. Yfirlit yfir fundi tvær vikur fram í tímann kemur fram í vikulegum póstum skólastjóra til starfsfólks.

Ágúst		
11	Fundur með nýjum starfsmönnum Námskeið	Praktísk atriði og kynning á skólanum Jákvæður agi - fyrir alla starfsmenn
12	Starfsmannafundur Námskeið Fundur starfsfólks frístundar	Kynning/umræður varðandi veturinn framundan Leiðsagnarnám og réttindaskóli
15	Kennarafundur	Vinnustund og vinnutímastytting. Gátlisti fyrir kennara og verkefni framundan. Viðmið um starfshætti. Móttaka nýrra nemenda.
15-19	Fundir kennsluteyma með stjórnendum.	Rætt um teymisstarf, skipulagningu námsins, stundatöflur, stuðningskennslu, ferilmöppur, árgangahandbækur, nemendamál o.fl.
17	Stuðningsfulltrúafundur	Starf stuðningsfulltrúans, ábyrgð og skyldur
19	Stuðningsfulltrúafundur	Einhverfa, ADHD, sjónrænt skipulag
22	Kennarafundur	Handbækur árganga og námsáætlanir. Hvað ætla teymin að setja á oddinn varðandi leiðsagnarnám. Ferilmöppur. Haustfundir. Vinabekkjadagur. Teymisfundir og notkun á Teams. Fjölval.
23	Fundur með skólaliðum og annar með stuðningsfulltrúum.	Hlutverk og verkaskipting. Fundafyrirkomulag vetrarins. Tölvumál, G-svíta, vinnumhverfi nemenda.
25	Kennarafundur	Haustfundir - umræður og hugmyndir. Ferilmöppur. Fjölval

September		
1	Kennarafundur / stigsfundir.	Umræða um leiðsagnarnám, kynnt hvað árgangar hafa valið. Haustfundir. Ferilmöppur. Fjölval.
8	Kennarafundur	Felldur niður
15	Teymisfundir	Vinna við árgangahandbækur og áætlanir.
22	Kennarafundur	Hvert stefnum við og hvers vegna.
29	Stigsfundir	Lestur og ritun. Að takast á við erfiða hegðun - unnið með ferla. Fjölval.

Október		
6	Kennarafundur	Leiðsagnarnám - innlegg frá Nönnu Christiansen
13	Stigsfundir	Námsmat, Hvað þarf að liggja að baki mati. Fjölval. Þemadagar hugmyndir og undirbúningur.
20	Teymisfundir	Undirbúningur fyrir námsferð
26 - 30	Námsferð	Námsferð starfsfólks til London, fræðst um leiðsagnarnám o.fl.

Nóvember		
3	Stigsfundir	Námsmat. Þemadagar. Stofufundir. Fjölval.
10	Kennarafundur	Jákvæður agi. Réttindaskóli. Farsældarfrumvarpið. Skólastefna Gb.
17	Stigsfundir	Leiðsagnarnám- kynningar á því hvernig þróunarverkefni hefur farið af stað. Val á nýjum viðfangsefnum?
24	Teymisfundir	Matsfundir, viðmið um starfhætti metin í Bravo lesson kerfinu

Janúar		
5	Stigsfundir	Námsmat, Minnt á samtalsdag framundan- hæfnikort, hvernig kynnum við upplýsingar inni á Mentor fyrir foreldrum. Hvað þarf að liggja að baki matinu.
11	<b>Skipulagsdagur</b> Stuðningsfulltrúafundur Starfsmannafundur	Erfið hegðun, góð samskipti, einstaklingsmiðað nám Niðurstöður kannana - mat og hugmyndir
12	Teymisfundur	Sýn árgangsins á starf sitt rifjuð upp og ígrundað hvort teymið er að vinna skv. henni.
19	Kennarafundur	Áhugasviðsverkefni
26	Stigsfundur	Námsmat, Öskudagur framundan

Febrúar		
2	Kennarafundur	Jákvæður agi
9	Stigsfundur	Námsmat, Minna á Flatóvision, Stóru upplestrarkeppnina , árshátíð 7. bekkjar
23	Teymisfundur	Vinna í teyimum, umræður og mat.

Mars		
2	Kennarafundur	Niðurstöður kannana - mat og hugmyndir
9	Teymisfundur	Umræður um framgang þróunarverkefna
16	Stigsfundir	Námsmat

23	Kennarafundur	Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins.
31	Teymisfundir	Stofufundir.

Apríl		
13	Kennarafundur	
27	Teymisfundur	Sýnin árgangsins á starf sitt rifjuð upp og ígrundað hvort teymið er að vinna skv. henni. Ígrundun skráð og varðveitt til að nýta á ársskýrslu.

Maí		
4	Stigsfundir	Námsmat. Kynningar á hvað gekk vel og hvað miður.
11	Kennarafundur	Mat á starfi vetrarins
19	<b>Skipulagsdagur</b> Stuðningsfulltrúafundur Kennarafundur	Skólastefna / stefna skólans - mat
25	Teymisfundir	Uppgjör varðandi leiðsagnarnáms, þróun vetrarins, ársskýrslur.

Júní		
8	Kennarafundur	Mat á starfi vetrarins
9	Starfsmannafundur	Uppgjör og útlit og horfur fyrir næsta skólaár.

## Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir stafi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Í Flataskóla er venjan að þessi fulltrúi komi úr hópi foreldra nemenda í leikskóladeild skólans. Skólaráð fundar reglulega yfir skólaárið en skal einnig boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Upplýsingar um skólaráð og fundargerðir ráðsins er að finna á:

<http://www.flataskoli.is/skolinn/skolarad/>

**Í skólaráði 2022-2023 sitja eftirtaldir:**

Ágúst Jakobsson skólastjóri  
Edda Gíslrún Kjartansdóttir aðstoðarskólastjóri  
Guðrún Yrsa Richter fltr. foreldra  
Hrefna Marín Sigurðardóttir fltr. foreldra  
Sólveig Auður Bergmann fltr. foreldra barna í leikskóladeild  
Hanna Lóa Friðjónsdóttir fltr. kennara  
Katrín Anna Eyvindardóttir fltr. kennara  
Halla Björg Ragnarsdóttir fltr. annarra starfsmanna  
Fulltrúar nemenda eru útnefndir af réttindaráði.

**Aðrar nefndir og ráð**

Áfallaráð      Ágúst Jakobsson skólastjóri  
Edda Gíslrún Kjartansdóttir aðstoðarskólastjóri  
Katrín Anna Eyvindardóttir námsráðgjafi  
Ásta Ragna Stefánsdóttir skrifstofustjóri  
Ásrún Þóra Björnsdóttir skólahjúkrunarfræðingur  
Viðkomandi umsjónarkennari eftir atvikum  
Ráðið kallar skólasálfræðing, prest og aðra aðila sér til aðstoðar ef þörf krefur

Stjórn Starfsmannafélags Flataskóla  
Erna Þorleifsdóttir  
Ágústa Lúðvíksdóttir  
Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir  
Herdís Jónsdóttir  
Katrín Anna Eyvindardóttir  
Þórdís Þórðardóttir  
Anna María Daníelsdóttir  
Ásta Ragna Stefánsdóttir og Ágúst Jakobsson (skoðunarmenn reikninga)

Trúnaðarmenn kennara  
Hannes Ingi Geirsson / Jón Bjarni Pétursson

Trúnaðarmenn STAG  
Íris Pálsdóttir / Ásta Ragna Stefánsdóttir

Leiðsagnarnám - leiðtogar  
Rakel Svansdóttir  
Elínborg Anna Siggeirsdóttir  
Rut Ingólfssdóttir Blurton

Öryggisnefnd  
Ágúst Jakobsson  
Miralem Hasetta  
Ásta Ragna Stefánsdóttir

Kvan - leiðtogar

Auður Skúladóttir  
Rakel Svansdóttir

Forvarnarteymi v/ kynferðislegs ofbeldis

Ágúst Jakobsson  
Ásrún Þóra Björnsdóttir  
Kristín Eva Rögnvaldsdóttir  
Halla Björg Ragnarsdóttir  
Katrín Anna Eyvindardóttir  
Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson  
Sólveig Björg Arnarsdóttir

Réttindaráð nemenda / nemendaráð

1. bekkur (1 fulltrúi) Harpa Karen
2. bekkur (2 fulltrúar) Arnar Breki og Kolbeinn Páll
3. bekkur (3 fulltrúar) Elín Ásta, Jóhannes og Ása Hlín
4. bekkur (3 fulltrúar) Hildur Emma, Karen Lilja og Ómar Krummi
5. bekkur (3 fulltrúar) Jana, Svava og Þórólfur
6. bekkur (4 fulltrúar) Kristín María, Elísabet Rós, Gústaf Maríus og Matthías
7. bekkur (4 fulltrúar) Villi, María Dögg, Snædís og Rósa

Að auki starfa árlega nokkrir starfshópar sem annast undirbúning viðburða í skólstarfinu s.s. forvarnarviku, baráttudags gegn einelti, dags íslenskrar tungu, dags mannréttinda barna, þemadaga, öskudags, Flataskólaleika og Flatóvisjón.

## Skólaárið og skóladagatal

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar grunnskólanemenda 180. Kennsludagar nemenda eru 174 og dagar þar sem brugðið er út frá fullri lengd skóladags eru alls sex. Þeir dagar eru skólaþingardagur, tveir nemenda- og foreldraviðtalsdagar, dagur vegna jólaþessdags, öskudagur og skólaslitadagur. Á skóladagatali eru sjö uppbrotisdagar (vinabekkjadagur, tveir þemadagar, skíðaferðadagur, tveir útivistardagar að vori og Flataskólaleikar. Þá daga er vikið út frá skipulagðri stundaskrá en skólabyrjun og skólalok eru samkvæmt stundaskrá. Kennsla fellur niður í jólaþessdagi grunnskólanemenda sem hefst 20. desember og kennsla hefst á ný 2. janúar. Vetrarleyfi grunnskólans er 13. febrúar til og með 17. febrúar og páskaþessdagi er 1. apríl til og með 10. apríl. Einnig fellur kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 27. og 28. október, 11. Janúar, 17. febrúar og 19. maí.

Í leikskóladeild er opið eins og öðrum leikskólum Garðabæjar með einni undantekningu vegna námsferðar starfsfólks skólans í október. Þar er lokað vegna skipulagsdaga 27.-28. október, 11. janúar og 19. maí. Aðra virka daga er opið.



Skóladagatal skólaársins má sjá hér fyrir neðan (haustönn) og á næstu blaðsíðu (vorönn) en það má einnig nálgast á heimasíðu skólans á slóðinni: <http://flataskoli.is/skolinn/skoladagatal/>

0	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	
1 M	Fridagur verslunarmanna	1 F	Hausferð - Guðm.lundur	1 Þ	1 F	Fullveldisdagurinn
2 Þ		2 F		2 M	2 F	
3 M		3 L		3 F	3 L	
4 F		4 S		4 F	4 S	
5 F		5 M		5 L	5 M	
6 L		6 Þ		6 S	6 Þ	
7 S		7 M		7 M	7 M	
8 M		8 F	Dagur læsis	8 Þ	8 Þ	Baráttudagur gegn einelli
9 Þ		9 F		9 M	9 F	Jólalegi dagurinn
10 M		10 L		10 F	10 L	
11 F	Endurmenntun starfsm.	11 S		11 F	11 S	
12 F	Endurmenntun starfsm.	12 M		12 L	12 M	
13 L		13 Þ	Hausfundir árganga 13.-20. sept	13 S	13 Þ	
14 S	Sumaropnun Krakkakots 15.8-22.8.	14 M		14 M	14 M	
15 M	Skipulagsdagur grunnsk.	15 F		15 Þ	15 F	
16 Þ	Skipulagsdagur grunnsk.	16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F	Dagur íslenskrar tungu
17 M	Skipulagsdagur grunnsk.	17 L		17 F	17 L	
18 F	Skipulagsdagur grunnsk.	18 S		18 F	18 S	
19 F	Skipulagsdagur grunnsk.	19 M		19 L	19 M	
20 L		20 Þ		20 S	20 Þ	Dagur mannréttinda barna
21 S		21 M		21 M	21 M	Jólaskemmtanir
22 M	Skipulagsdagur grunnsk.	22 F		22 Þ	22 F	Jólaeyfi grunnsk.
23 Þ	Skólaetning	23 F		23 M	23 F	Jólaeyfi grunnsk.
24 M		24 L		24 M	24 L	Þorlákamessa
25 F		25 S		25 F	25 S	Adfangadagur jóla
26 F		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 L	26 M	Jóladagur
27 L		27 Þ		27 S	26 M	Annar í jólum
28 S		28 M		28 M	27 Þ	Annar í jólum
29 M		29 F		28 F	27 S	Annar í jólum
30 Þ		30 F		29 M	28 M	Annar í jólum
31 M				29 L	28 F	Annar í jólum
				30 Þ	29 M	Annar í jólum
				30 M	30 F	Annar í jólum
				31 M	31 L	Annar í jólum
						Gamlársdagur

JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 S	Nýársdagur	1 M		1 M		1 L		1 M	Verkalyðsdagurinn	1 F	Útivistardagar
2 M		2 F		2 F		2 S	Pálmasunnudagur	2 Þ		2 F	Útivistardagar
3 Þ		3 F		3 F		3 M	Páskaleyfi grunnsk.	3 M		3 L	
4 M		4 L		4 L		4 Þ	Páskaleyfi grunnsk.	4 F		4 S	Sjómanna dagurinn
5 F		5 S		5 S		5 M	Páskaleyfi grunnsk.	5 F	Skíladagur ljóðasamt.	5 M	Flataskólaeikar
6 F	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans	6 M		6 F	Skírdagur	6 L		6 Þ	
7 L		7 Þ	Dagur tónlistarskólans	7 Þ		7 F	Föstudagurinn langi	7 S		7 M	Skólaslit
8 S		8 M		8 M	Vetrarferðir 7.-9. mars	8 L		8 M		8 F	Skipulagsdagur grunnsk.
9 M		9 F		9 F		9 S	Páskadagur	9 Þ		9 F	Skipulagsdagur grunnsk.
10 Þ		10 F		10 F		10 M	Annar í páskum	10 M		10 L	
11 M	Skipulagsd. grunnsk. og leikskóla	11 L	Dagur íslenska táknumátsins	11 L		11 Þ		11 F		11 S	
12 F		12 S		12 S		12 M		12 F		12 M	
13 F		13 M	Vetrarleyfi grunnsk.	13 M		13 F		13 L		13 Þ	
14 L		14 Þ	Vetrarleyfi grunnsk.	14 Þ	Dagur stærðfræðinnar	14 F		14 S		14 M	
15 S		15 M	Vetrarleyfi grunnsk.	15 M		15 L		15 M		15 F	
16 M		16 F	Vetrarleyfi grunnsk.	16 F		16 S		16 Þ		16 F	
17 Þ		17 F	Skipulagsd. grunnsk.	17 F		17 M		17 M		17 L	Lýðveldisdagurinn
18 M		18 L		18 L		18 Þ		18 F	Uppsifningardagur	18 S	
19 F		19 S	Konudagur	19 S		19 M		19 F	Skipulagsd. grunnsk. og leikskóla	19 M	
20 F	Böndadagur	20 M	Bolludagur	20 M		20 F	Sumardagurinn fyrsti	20 L		20 Þ	
21 L		21 Þ	Sprengidagur	21 Þ		21 F		21 S		21 M	
22 S		22 M	Óskudagur	22 M	Flatóvísjón	22 L		22 M		22 F	
23 M		23 F		23 F		23 S		23 Þ		23 F	
24 Þ		24 F		24 F		24 M		24 M		24 L	
25 M		25 L		25 L		25 Þ		25 F		25 S	
26 F		26 S		26 S		26 M	Hreinsunardagar	26 F		26 M	
27 F		27 M		27 M		27 F	Stóra upplestrarkeppni Gb	27 L		27 Þ	
28 L		28 Þ		28 Þ	Stóra upplestrarkeppnin	28 F		28 S	Hvítasunnudagur	28 M	
29 S				29 M		29 L		29 M	Annar í Hvítasunnu	29 F	
30 M				30 F	Árshátíð 7. bekkjar	30 S		30 Þ		30 F	
31 Þ	Samtalsdagur			31 F				31 M			

## Sérstakir hefðir í skólastarfinu

Ýmsar hefðir hafa skapast í skólanum til að auðga skólastarfið og styrkja skólamenninguna. Öðru hvoru yfir skólaárið er skóladagurinn með breyttu skipulagi.

## Skólasetning grunnskólans

Nemendur koma saman í sal og foreldrar koma gjarnan með. Árgangar fara með umsjónarkennurum til stofu þar sem afhentar eru stundatöflu. Kennsla hefst síðan næsta dag.

## Morgunsamvera

Morgunsamverur hafa verið haldnar lengi í Flataskóla og þær eru þrjú morgna í viku kl. 08:30-08:50. Þá mæta allir nemendur skólans á sal og eiga 20 mínútna samveru. Einu sinni í viku eru nemendur ákveðins árgangs með atriði og tvo morgna er samsöngur.

Skólastjóri stýrir morgunsamveru þegar er samsöngur og notar oft tækifærið til að ræða við nemendur um málefni líðandi stundar eða kemur upplýsingum á framfæri til nemenda. Nemendur sjá alfarið um stjórnun og skipulag morgunsamveru þann dag sem þeirra árgangur er með atriði.

## Hvers vegna

Með þátttöku í morgunsamveru fá nemendur þjálfun í að taka þátt í stórum viðburðum og fara eftir þeim reglum sem þar gilda. Það er gott að byrja daginn á sameiginlegri söngstund því við teljum m.a. mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að læra texta og sönglög og æfa sig að syngja þau með öðrum því það skapar samkennd og tilfinningu fyrir því að tilheyra skólasamfélaginu í heild.

Þegar árgangar eru með atriði læra nemendur árgangsins að koma fram og aðrir nemendur að hlusta og taka tillit til þeirra sem á sviðinu standa.

## Námsmarkmið

Að nemendur læri:

- að fara eftir reglum sem ríkja á morgunsamveru
- texta og sönglög sem oft eru sungin hér á landi
- að sýna öllum nemendum sem eru með atriði virðingu
- að undirbúa og æfa atriði sem sýnt er á sal
- að koma fram fyrir framan stóran hóp fólks

## Viðmið um árangur

Nemendur:

- koma hljóðlega inn í salinn í röð og í fylgd með kennara
- setjast á fyrirfram ákveðinn stað
- þagna þegar gefið er merki um að óskað sé eftir þögn (klapp rythmi)
- fylgjast með því sem fram fer
- taka virkan þátt í söng
- fara eftir fyrirmælum þegar starfsfólk bendir þeim á að þeir hafi gleymt sér
- hlusta vel á þau atriði sem eru í boði
- klappa jafnmikið fyrir öllum atriðum
- sýna vel æfð atriði
- kynna og afkynna atriði síns árgangs
- tala skýrt og áheyrulega í kynningum
- ganga skipulega, hljóðlega og í röðum inn og út úr salnum í sínar kennslustofur

Starfsfólk:

- Situr með nemendum eða heldur sig nálægt þeim
- Grípur inn í þegar honum sýnist eitthvað í uppsiglingu eða nemendur sýna óæskilega hegðun
- Fylgir nemendum út úr salnum í röðum

Þau atriði sem þarfnast þjálfunar hverju sinni æfa umsjónarkennarar með sínum hópi. Starfsmenn í salnum eru til taks til að hjálpa nemendum að fara eftir reglum þegar þess er þörf.

Framúrskarandi árangur næst með því að 98% nemenda fari eftir reglum, syngi með eða taki þátt í atriði árgangsins.

Árgangar á yngsta stigi bera ábyrgð á þremur morgunsamverum en miðstig er með ábyrgð á fjórum morgunsamverum.

Hér er skipulag skólaársins 2022-2023 á morgunsamverum:

September		Október		Nóvember		Desember	
7	5. bekkur	5	6. bekkur	2	3. bekkur	7	6. bekkur
14	7. bekkur	12	1. bekkur	9	7. bekkur	14	1. bekkur
21	4. bekkur	19	2. bekkur	16	5. bekkur		
28	leikskóli	26	Samtalsd.	23	Þemadagar		
				30	Leikskóli		

Janúar		Febrúar		Mars		Apríl		Maí	
4	3. bekkur	1	2. bekkur	1	7. bekkur	5	Þáskafrí	3	4. bekkur
11	Skipul.d.	8	Leikskóli	8	Vetrarferð	12	3. bekkur	10	7. bekkur
18	5. bekkur	16	Vetrarfrí	15	6. bekkur	19	5. bekkur	17	1. bekkur
25	4. bekkur	22	Öskud.	22	Flatóvisjón	26	Leikskóli	25	6. bekkur
				27	2. bekkur				

### Skólalaping

Hver árgangur situr saman skólalaping. Skólalaping eru haldin hjá öllum árgöngum a.m.k. einu sinni á skólaárinu. Skólalapingin eru haldin í hátíðarsal skólans í 20-30 mínútur í senn. Markmið þinganna er að nemendur þjálfist í að ræða ýmis mál, læri að koma skoðunum sínum á framfæri og læri einnig að virða skoðanir annarra.

### Vinabekkir

Allir árgangar eiga sér vinabekki. Nemendur í 7. bekk eru vinabekkur 1. bekkjar, nemendur í 6. bekk eru vinabekkur 3. bekkjar, 5. bekkur er vinabekkur 4 og 5 ára deildar og 4. og 2. bekkur eru vinabekkir.

### Vinabekkjadagur

Á haustdögum fara vinabekkir saman í ferð og pulsar eru grillaðar í skólanum.

### Hópefli

Fyrstu skólaladagana ár hvert er skipulagt hópefli meðal barnanna. Kennarar skipuleggja ýmsa hópeflisleiki innan árgangsins, með umsjónarhópnum og einnig með vinabekk hvers árgangs. Markmiðið er að hrista hópinn saman eftir sumarleyfi og tryggja það að nemendur kynnist vel innbyrðis.

### Vinadagar

Í nóvember ár hvert eru skipulagðir sérstakir vinadagar í tengslum við baráttudag gegn einelti sem er 8. nóvember ár hvert. Þá er unnið með vinapema í öllum árgöngum.

### Dagur íslenskrar tungu

Þann 16. nóvember ár hvert er haldinn hátíðlegur Dagur íslenskrar tungu sem er afmælisdagur Jónasar Hallgrímssonar. Árgangar vinna verkefni tengd íslenskri tungu.

### Látum gott af okkur leiða

Í desembermánuði er hefð fyrir því að staðið sé fyrir söfnun meðal nemenda skólans til handa þeim sem hafa minna milli handanna. Safnað er fé eða matvælum. Allt söfnunarfé er svo notað til að styrkja eitthvað ákveðið málefni tengt börnum og er það mismunandi frá ári til árs.

### Jólaskemmtanir

Síðasta kennsludag fyrir jól eru jólaskemmtanir í skólanum. Nemendur mæta þá á jólaskemmtun en hefðbundin kennsla fellur niður.

### Listviðburðir

Á hverju skólaári eru fengnir listamenn í heimsókn sem flytja efni fyrir nemendur í skólanum s.s. upplestur, leiklist eða tónlist. Markmiðið með því er að sjá til þess að nemendum sé boðið upp á fjölbreytta listsköpun og kenna þeim að njóta hennar.

### Bolludagur

Leyft er að koma með bollur í nesti á bolludaginn.

### Öskudagur

Á öskudegi er skipulögð sérstök dagskrá í skólanum þar sem nemendur og starfsfólk koma í búningum í tilefni dagsins. Nemendur í 7. bekk koma að skipulagi dagsins og taka virkan þátt.

### Vetrarferðir

Þegar veður leyfir í febrúar eða mars er farið með nemendur og starfsmenn í ferð í Bláfjöll. Nemendum er skipt í þrjá aldursblandaða hópa sem fara á mismunandi dögum. Farið er um kl. 9:00 að morgni og komið til baka í lok skóladags. Nemendur í 6. bekk fara í skálaferð. Þau fara seinni parts dags, gista í Breiðabliksskála og fara í fjallið daginn eftir.

### Ljóðasamkeppni

Ljóðasamkeppni er árviss viðburður í skólastarfinu í apríl. Allir nemendur taka þátt og semja ljóð eftir mismunandi ljóðaformi. Verðlaunaljóð í hverjum aldurshópi eru kynnt við skólaslit hjá þeim hópum.

### Flataskólaleikar

Í lok skólaársins, í júní, er skólastarf brotið upp og nemendum er skipt upp í minni hópa, þvert á árganga. Þeir taka þá þátt í ýmsum óhefðbundnum leikjum utanhúss.

### Unicef hreyfingin

Í júní taka allir nemendur skólans þátt í grunnskólaverkefni UNICEF á Íslandi, sem nefnist UNICEF-hreyfingin. Um er að ræða fræðslu- og fjáröflunarverkefni þar sem íslenskum börnum gefst tækifæri á að fræðast um aðstæður jafnaldra sinna víða um heim með hollri hreyfingu og safna fé fyrir starf UNICEF í þágu barna í fátækari ríkjum heims.

### Vettvangsferðir og vorferðir

Farið er í ýmsar vettvangsferðir sem eru tengdar námsefni bekkjanna og farið er á starfstíma skólans. Vorferðir eru einnig fastur liður en þær eru stuttar og oft skipulagðar þannig að nemendur geti gengið eða hjólað í næsta nágrenni skólans. Nemendur í 7. bekk fara í vikufærð að Reykjum í Hrótafirði dagana 28.11.- 2.12. 2022 í skólabúðir.

### Skólaslit grunnskólans

Við skólaslit mæta nemendur í 1.-6. bekk fyrst á sal, tveir árgangar í einu, fara síðan í sínar kennslustofur og fá afhentan vitnisburð. Foreldrar koma gjarnan með.

Formleg útskrift 7. bekkjar fer fram á sal á skólaslitadegi að viðstöddum nemendum í 7. bekk, foreldrum þeirra, starfsfólki skólans og gestum. Í lokin eru kaffiveitingar, sem foreldrar 7. bekkinga koma með.

### Skóladagur grunnskólanemenda

Skólinn opnar kl. 7:45 á morgnana og kl. 8:00 er opnað inn í kennslustofur. Skólaliðar og stuðningsfulltrúar eru þá á svæðunum og eru með nemendum þangað til kennsla hefst kl. 8:30. Kennslutími nemenda er sem hér segir:

- 1.-4. bekkur kl. 8:30-13:30
- 5.-6. bekkur kl. 8:30-14:10
- 7. bekkur kl. 8:30-14:10/14:50 fimmtud. og 13:30 á föstudögum

Eftir að skóla lýkur á daginn býðst nemendum í 1.-4. bekk lengd viðvera sem er starfrækt á vegum frístundaheimilis skólans, Krakkakots.

Prisvar í viku er morgunsamvera eins og fram kom hér að framan þar sem allir nemendur og starfsmenn koma saman í hátíðarsal skólans í um 20 mínútur.

Nemendur fá tíu mínútna nestistíma á dag og 20 mínúta hádegismat. Í nestistímanum er létt hressing í kennslustofunni en í hádegismat borða nemendur í 2.-7. bekk í matsalnum en börnin í 4 ára og 5 ára borða inni á leikskóladeild og 1. bekkur borðar á svæði Krakkakots. Tvisvar sinnum á dag fara nemendur í útivist í frímínútum nema ef veður er mjög slæmt. Allir nemendur fara í frímínútur að morgni kl. 10:10-10:30 en hádegisfrímínútur eru þrískiptar:

- 11:50-12:10 4. og 7. bekkur
- 12:10-12:30 1.- 3. bekkur
- 12:30-12:50 5. og 6. bekkur

Nemendur sækja íþrótt- og sundkennslu í íþróttamiðstöð Garðabæjar, Ásgarði. Allir nemendur skólans eru með þrjá íþróttatíma á viku á stundaskrá, tvo í íþróttum og einn í sundi. Auk þess er skipulagður hreyfitími í öllum árgöngum einu sinni til tvisvar viku. Markmiðið er að allir nemendur skólans hreyfi sig í það minnsta 60 mínútur á dag.

### Skipulag skóladagsins

Kl. 07:45 Skólinn opnar

Kl. 08:00 Heimastofur árganga opnar

Kl.8:30 Kennsla hefst hjá öllum nemendum

Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga er morgunsamvera hjá öllum kl. 8:30 – 8:50

Kl. 9:10-10:10 Vinnulota og nesti

Kl. 10:10-10:30 Útivist

Kl. 10:30-12:50 Vinnulota og hádegismatur (mismunandi tímar eftir árgöngum)

Kl. 11:50 -12:50 Útivist (mismunandi tímar eftir árgöngum)

Kl. 12:50-13:30 Vinnulota hjá 1. – 4. bekk – skóla lýkur kl. 13:30

Kl. 12:30/12:50 -14:20 Vinnulota hjá 5. og 6. bekk – skóla lýkur kl. 14:10.

Skóladegi hjá 7. bekk lýkur 14:10 á mánud-miðvikudag, 14:50 á fimmtud. og 13:30 á föstudögum

Kl. 13:30 Opnar frístundaheimilið Krakkakot fyrir nemendur í 1. – 4. bekk

Kl. 16:30 lokar hjá 4 og 5 ára bekk og í Krakkakoti

## Stefna skólans

### Einkunnarorð Flataskóla

Flataskóli hefur sett sér þrjú einkunnarorð sem eru **menntun, árangur, ánægja**.

Undir hverju þeirra eru skilgreind eftirfarandi viðmið um starfshætti:

- Menntun - Menntun nemenda stuðli að sjálfstæði nemenda, sköpunargleði og samkennd
- Árangur - Skipulag náms og kennslu einkennist af fagmennsku og hvetjandi námsmenningu í anda leiðsagnarnáms til að ýta undir framfarir nemenda
- Ánægja - Nám nemenda sé áhugavert og veran í skólanum uppbyggileg og ýti undir sterka sjálfsmynd nemenda

Einkunnarorð skólans eru m.a. sýnileg utan á skólahúsinu, á göngum hans, á heimasíðu og í fæti tölvupósts starfsmanna. Til að gera einkunnarorðin enn ríkari þátt í innra starfi skólans settust árgangateymi skólans niður haustið 2022 og ræddu og skráðu hvernig einkunnarorðin endurspeglast í vinnunni sem fram fer í kennslustofum skólans. Afrakstur þeirrar vinnu birtist í árgangahandbókum hvers teymis fyrir skólaárið 2022-2023. Þær eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

## Stefna skólans og áherslur í starfinu

Stefna Flataskóla grundvallast á einkunnarorðum hans, *menntun, árangur, ánægja*, og viðmiðum um starfshætti sem getið er hér að framan. Til að skýra enn frekar stefnu skólans setjum við okkur markmið undir hverju viðmiði og hverju markmiði fylgja svo viðmið um árangur. Hér á eftir má finna töflu með viðmiðum og markmiðum varðandi grunnskólastarfið en á skólaárinu munum við einnig setja okkur markmið og viðmið um árangur varðandi starfið í leikskóladeild og frístund.

Hugmyndin er að viðmiðataflan gefi nokkuð skýra mynd af stefnu skólans og starfsháttum en viðmiðin um árangur eru einnig höfð við hliðsjónar við innra mat skólans.

## Viðmiðatafla - grunnskólastarf

Viðmið um starfshætti	Markmið	Viðmið um árangur
<b>Menntun</b>  Menntun nemenda stuðli að sjálfstæði þeirra, sköpunargleði og samkennd	Ýtt er undir sjálfstæði nemenda og áhrif þeirra og meðvitund um eigið nám eftt	Nemendum eru gefin tækifæri til að ákveða með hvaða hætti þeir vilja vinna til að öðlast þá hæfni sem stefnt er að
		Nemendur fá tækifæri til að meta eigin stöðu með reglubundnum hætti
		Hlustað er á sjónarmið nemenda og mark tekið á þeirra tillögum og hugmyndum
		Skólaþing er haldið a.m.k. einu sinni á ári
		Réttindaráð nemenda er virkt og fundar reglulega
		Nemendur fá tækifæri til að gera grein fyrir námsferli og sýna lokaafurð þar sem það á við
	Nemendum eru gefin fjölbreytt og markviss tækifæri til að hafa skapandi áhrif á eigið nám	Nemendur fá tækifæri til að velja sér viðfangsefni og útfærslur verkefnaskila
		Markvissar samræður eiga sér stað milli nemenda (og kennara) um fjölbreyttar útfærslur og nálganir í námi
		Flest verkefni sem lögð eru fyrir nemendur hafa fleiri en eina lausn
		Námsferlið er mikilvægara en lokaniðurstaða
		Haldnar eru morgunsamverur þrisvar í viku og nemendur fá reglulega tækifæri til að koma fram
	Gagnkvæm virðing ríkir í samskiptum innan skólans og fjölbreytileika er fagnað	Stofufundir eru haldnir a.m.k. vikulega í hverjum hóp
		Hópaskipan nemenda er sveigjanleg og hópum er breytt þegar þurfa þykir
		Nemendur vinna saman í fjölbreyttum hópum
		Nemendasamtöl fara fram a.m.k. einu sinni á önn
		Tekið er markvisst á stríðni, ljótu orðbragði og útilokun
		Tekið er á erfiðum málum þegar þau koma upp í samstarfi við hlutaðeigandi
		Eineltisáætlun er skýr og unnið er markvisst eftir henni



<b>Árangur</b>  Skipulag náms og kennslu einkennist af fagmennsku og hvetjandi námsmenningu í anda leiðsagnarnáms til að ýta undir framfarir nemenda	Í Flataskóla ríkir fagmennska í starfsemi skólans	Stefna skólans er skýr og henni er haldið á lofti
		Stefnumál eru rædd reglulega
		Allir geta svarað spurningunni um hver stefna skólans sé
		Starfsmenn sækja sér fræðslu á sínu fagsviði og fá til þess svigrúm í kjarasamningi og á vinnustað
		Starfsfólki stendur til boða markviss starfsþróun sem styður það í að vinna að stefnumálum skólans
		Starfsmenn vinna saman í teyllum að skipulagi náms og kennslu og lausnaleit
		Starfsmenn nýta gögn til að þróa nám og kennslu t.d. niðurstöður skimana og samræmdra prófa
		Kennarar eru meðvitaðir um áhrif sín á nám nemenda
		Fjölbreyttar leiðir eru farnar í kennslu
		Nemendur og starfsfólk fá markvissa fræðslu um Barnasáttmála S.Þ.
		Til staðar er góð upplýsingagjöf til allra aðila í skólasamfélaginu
		Skýrar væntingar eru gerðar til foreldra og starfsmanna
		Því sem vel er gert í skólanum er haldið á lofti í fréttabréfum, á heimasíðu og á fundum
	Menntun nemenda er markviss	Árgangateymi vinna saman að innleiðingu leiðsagnarnáms
		Markvissar og ítarlegar starfs- og námsáætlanir liggja fyrir sem nýttar eru við skipulag skólastarfs
		Veitt er aðstoð við hæfi í námsferlinu
		Tekið er mið af þörfum nemenda og getu hvers og eins
		Ítarlegar einstaklingsáætlanir eru nýttar þar sem við á
		Foreldrar eru markvisst upplýstir um stöðu barna sinna
	Stuðlað er að hvetjandi námsmenningu í anda leiðsagnarnáms til að ýta undir metnað og framfarir nemenda	Kennslustundir eru vel skipulagðar og lögð er áhersla á að nota orðræðu náms.
		Miklar væntingar eru gerðar til allra nemenda í námi og leik
		Við trúum því að allir geti náð betri árangri og komum þeim væntingum til nemenda
		Litið er á mistök sem lærdómstækifæri
		Nemendur vinna verkefni sem gera kröfur til þeirra
		Andrúmsloft í kennslustofum einkennast af trausti og allir geta notið sín
		Kennarar nýta endurgjöf frá nemendum til að bæta eigin kennslu
		Nemendur vinna saman og ræða markvisst um nám sitt
		Nemendum eru ljós markmið námsins
		Nemendur þekkja viðmið um árangur og taka þátt í að setja þau
		Nemendum eru sýndar fjölbreyttar fyrirmyndir og rætt hvað einkennir það sem vel er gert
		Nemendur fá markvissa og uppbyggilega endurgjöf, jafnt og þétt í námsferlinu sem tekur mið af viðmiðum um árangur
		Áhugi og forvitni nemenda er vakin með góðum kveikjum

<b>Ánægja</b>  Nám nemenda sé áhugavert og veran í skólanum uppbyggileg og ýti undir sterka sjálfsmynd nemenda	Nám nemenda er áhugavert og merkingarbært fyrir nemendum	Hvetjandi námsmenning í anda leiðsagnarnáms ríkir	
		Áhugasviðsverkefni eru hluti af námi nemenda	
		Nemendur geta haft áhrif á hvað þeir læra og hvernig þeir læra	
		Áhersla er lögð á hreyfingu í skólastarfinu og dagurinn brotinn reglulega upp með hreyfingu, teygjum eða núvitund, úti eða inni	
		Boðið er upp á vikulega fjölvalstíma fyrir nemendur	
	Sjálfsmynd nemenda og trú á eigin getu eflist á skólagöngu þeirra	Komið er fram við nemendur af virðingu	
		Nemendur nýta eigin styrkleika í námi	
		Nemendum er kennt að þeir læra meira þegar verkefni gera kröfur til þeirra og að til verða nýjar tengingar í heilanum þegar þeir læra eitthvað nýtt	
		Nemendur læra að það að brjóta heilann og leggja sig fram skiptir meira máli en að vera fljótur að klára verkefni	
		Umgengnisreglur í kennslustofum eru kenndar og ræddar	
		Rútína ríkir í starfi í kennslustofum	
		Nemendum eru falin ýmis verkefni í skólastarfinu	
		Kennari raðar nemendum í sæti og hópa	
		Tekið er markvisst á erfiðum samskiptamálum milli nemenda í samstarfi við aðstandendur þeirra	
		Vinaliðar eru að störfum í frímínútum	
		Starfað er samkvæmt ákvæðum um Réttindaskóla Unicef	
		Samstarf við foreldrasamfélagið er markvisst	
		Líðan og félagstengsl nemenda eru könnuð reglulega, unnið er úr niðurstöðum og gripið til viðeigandi aðgerða	
		Nemendur fá tækifæri til að læra um möguleika og áskoranir stafrænnar tilveru sinnar	Í náms- og kennsluáætlunum kemur fram hvar og hvernig upplýsingatækni er nýtt í kennslu
			Það er sýnilegt í kennslustofum að upplýsingatækni sé nýtt
	Nemendur læra að nýta stafræna tækni með markvissum hætti til að skipuleggja og dýpka nám sitt		
	Nemendur læra um það sem þarf að varast í sinni stafrænu tilveru		
	Nemendur læra nýsköpun með stafrænum miðlum		
	Nemendur fá tækifæri til að skila verkefnum á fjölbreyttan hátt, þ.m.t. á rafrænan hátt		

## Skólabragur

### Skólareglur

Samkvæmt reglugerð nr.1040/2011 skal hver grunnskóli setja sér skólareglur. Stuðlað sé að jákvæðri hegðun og miðað sé að því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda.

Skólareglur varða allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans og stjórn hans, nemendur og foreldra.

Skólareglur eru settar í samráði við skólaráð og leitast er við að ná sem víðtækastri sátt um þær. Á hverju ári eru skólareglur kynntar nemendum og foreldrum þeirra og þær eru birtar á vef skólans.

Umsjónarkennarar fjalla um reglurnar, þýðingu þeirra og hlutverk með nemendum eins oft og þurfa þykir. Í skólareglum er kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð og skyldur.

Skólaárið 2022-2023 verða skólareglur Flataskóla endurnýjaðar og mun sú vinna tengjast því að Flataskóli er réttindaskóli Unicef og verða þær því unnar út frá barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

3. grein barnasáttmálans „ Það sem barninu er fyrir bestu“ verður regnhlífargrein skólareglanna. Nemendur munu taka þátt í þessari vinnu.

### Snjallsímar og snjallúr

Í Flataskóla er nemendum óheimilt að nota eigin síma eða snjalltæki.

Ef nemendur þurfa að mati foreldra að koma með síma eða snjalltæki í skólann skal vera slökkt á tækjunum eða þau í flugham. Tækin eru ávallt á ábyrgð eigenda sinna.

#### Viðurlög ef reglum um síma er ekki fylgt:

Fylgi nemandi ekki farsímareglum er hann minntur á reglurnar og gert að ganga frá símanum. Brjóti nemandi reglurnar ítrekað þrátt fyrir áminningu er honum boðið að velja á milli þess að:

- a) afhenda kennara/starfsmanni símann. Síminn er geymdur hjá umsjónarkennara eða umsjónarmanni frístundar til loka skóladags.
- b) fara á skrifstofu skólans og bíða þar uns foreldri hefur komið í skólann til að ljúka afgreiðslu málsins.

### Almenn viðbrögð við agamálum

Umsjónarkennari ræðir við nemendahópinn sinn um reglur skólans og umgengni og gerir hópinn samábyrgan fyrir góðum bekkjaranda og hvetjandi námsumhverfi. Skóla- og bekkjarreglur skulu vera sýnilegar á veggjum í hverju rými. Hver kennari tekur á agamálum hjá sínum nemendum og lætur umsjónarkennara vita af hegðunarvandkvæðum ef hann telur þörf á því.

- Láti nemandi ekki segjast við áminningu kennara þá lætur kennari foreldra/forráðamenn vita um vandann og óskar eftir að þeir taki þátt í lausn hans.
- Beri samstarf við foreldra ekki árangur þá kemur kennari deildarstjóra inn í málið ásamt umsjónarkennara og mögulega námsráðgjafa.
- Náist ekki árangur í meðförum deildarstjóra skal vísa málinu til skólastjórnenda.
- Ef engin lausn finnst á málinu þá er því vísað til nemendaverndarráðs og/eða sálfræðings skólans. Slíkt er gert í samráði við skólastjórnendur og með samþykki foreldra.

## Nemendur

Skólaárið 2022-2023 eru 396 börn í skólanum sem skiptast á árganga sem hér segir:

Árgangur	Alls	Umsjónarkennarar
4 ára	5	HJ, KS
5 ára	27	HJ, KS
1. bekkur	30	SB, SG
2. bekkur	42	BS,SS
3. bekkur	46	AG, AS, ÞÞ
4. bekkur	49	ALP,EP,RS,
5. bekkur	54	EB, HBL, MT
6. bekkur	71	AUS, EÁS, EK,HLF
7. bekkur	72	AM,HR,KÓP,RG
<b>Samtals</b>	<b>396 nemendur</b>	

## Réttindaráð

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal starfa nemendafélag í grunnskólum sem á m.a. að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Réttindaráð Flataskóla gegnir hlutverki nemendafélags skólans. Réttindaráð er skipað nemendum úr 2. til 7. bekk. Jafnmargir fulltrúar hvers árgangs mega sitja í ráðinu og umsjónarkennarar árgangsins eru margir. Fundir eru haldnir mánaðarlega yfir skólaárið. Á fundum eru ýmis mál er tengjast réttindum barna rædd og einnig fá nemendur í ráðinu tækifæri til að fara á svið í morgunsamveru og ræða við samnemendur sína um málefni er tengjast réttindum og minna á Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Val á fulltrúum í réttindaráðið fer þannig fram að áhugasamir gefa kost á sér og segja samnemendum hvers vegna þeir vilji sitja í ráðinu. Annaðhvort fer svo fram leynileg kosning á milli þeirra sem buðu sig fram eða dregið er um hver fær sæti í ráðinu. Fulltrúar eru valdir til eins árs í senn en allir mega bjóða sig fram á hverju ári enda ekkert sem segir að nemandi geti ekki setið í ráðinu oftari en einu sinni. Skólaárið 2022-2023 hefur Ragna Gunnarsdóttir umsjón með störfum réttindaráðs.

## Félags- og tómstundastarf grunnskólans

### Bekkjarkvöld

Bekkjarskemmtanir eru að jafnaði tvisvar á vetri hjá hverjum árgangi, ein á haustönn og ein á vorönn. Bekkjarfulltrúar hvers árgangs sjá um að skipuleggja bekkjarkvöldin í samráði við umsjónarkennara.

### Árshátíð í 7. bekk

Árshátíð 7. bekkja er haldin í vikunni fyrir páskaleyfi. Nemendur sjá sjálfir um allan undirbúning og framkvæmd undir umsjón kennara.

### Ýmsir viðburðir

Foreldrafélag skólans hefur stutt við félagslíf skólans. Félagið hefur staðið fyrir jólaföndri, fjáröflunarbíngí, vorhátíð og fleiri viðburðum yfir skólaárið.

---

## Frístundaheimili

Lengd viðvera er í boði fyrir nemendur í 1. – 4. bekk eftir skóla í frístundaheimilinu Krakkakoti. Dvöl í frístundaheimili er valkostur sem foreldrar/forráðamenn velja fyrir barn sitt og greiða fyrir. Gjaldskrá er háð ákvæðum bæjarstjórnar Garðabæjar. Innifalið í gjaldi er síðdegishressing sem börnin borða í frístundaheimilinu.

Gjaldskrá má nálgast á slóðinni: <https://www.gardabaer.is/stjornsysla/fjarmal/gjaldskrar/>

Starfstími frístundaheimilisins miðast við skólaárið eins og það er hverju sinni og kemur fram á skóladagatali. Opið er alla skóladaga frá því kennslu lýkur kl. 13:30 til kl.17:00. Í jóla-, páska og vetrarleyfi er frístundaheimilið opið allan daginn á virkum dögum nema aðfangadag og gamlársdag (sbr.opnun leikskóla í Garðabæ). Öllum börnum skólans stendur til boða dvöl þessa daga. Þetta er kynnt í tölvupósti til foreldra allra barna í 1.-4. bekk með þriggja vikna fyrirvara. Gjald er reiknað út frá fjölda skráðra klukkustunda og miðast við tímagjald í auglýstri gjaldskrá. Sérstaklega þarf að greiða fyrir dvöl fyrri hluta dags hjá þeim börnum sem eru skráð til dvalar eftir skólatíma. Sama á við um á starfsdögum kennara og þá daga sem kennsla fellur niður vegna nemenda- og foreldraviðtala.

Í september 2022 eru 105 börn skráð í frístundaheimilið. 30 börn úr 1. bekk, 34 börn úr 2. bekk, 29 börn úr 3. bekk og 3 úr 4.bekki.

Nánari upplýsingar um frístundaheimilið má finna á heimasíðu Flataskóla

<http://www.flataskoli.is/tomstundaheimili> og á vefsíðu Garðabæjar [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

---

## Leikskóladeild

Flataskóla er starfrækt 4-5 ára leikskóladeild í suðurálmú byggingarinnar. Leikskólakennarar stýra faglegu starfi deildarinnar í samstarfi við stjórnendur skólans.

Lögð er áhersla á útiveru, heilbrigði og vellíðan þar sem börnum þarf að líða vel til þess að nám geti átt sér stað. Fjölbreytileiki er hafður að leiðarljósi í dagsskipulaginu. Mikið er lagt upp úr sjálfshjálpi, sjálfstæði og sjálfsbjargarviðleitni eflað meðal barnanna því þau læra best með því að gera hlutina sjálf og fá að gera mistök á leiðinni. Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á það hvað er gert og hvernig og æfa þannig mannréttindi og lýðræði í leiðinni.

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) segir að leikurinn sé hornsteinn leikskólastarfsins og mikilvægasta náms- og þroskaleið barnsins. Í gegnum leik fær barnið tækifæri til að tjá sig, þroskast í samskiptum við

önnur börn og styrkja félagslega færni. Þess er gætt að börnin fái næg tækifæri til leiks í sjálfsprottum leik, vali og í stýrðum verkefnum eða hlutbundinni vinnu þar sem unnið er með bókstafi, hljóð og stærðfræði í gegnum leik. Lestrarstundir eru daglega eða oftár og mikið lagt upp úr því að börnin öðlist skilning á innihaldi bókanna. Börnin fá tækifæri til að æfa lýðræði og hafa áhrif á hvað og hvernig hlutirnir eru gerðir. Vikulega eru gönguferðir um nánasta umhverfi og jafnvel strætóferðir á nýja staði. Farið er í menningarferðir á höfuðborgarsvæðinu og einnig í heimsóknir á söfn og þær sýningar sem eru í boði fyrir leikskólabörn hverju sinni.

Unnið er með grunnþætti menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla sem eru eftirfarandi: *Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og vellíðan, sköpun*. Grunnþættirnir lita allt starfið og eru okkar leiðarljós í öllu starfi með börnunum.

Þar sem leikskóladeildin er í sama húsnæði og grunnskólinn veitir það góð tækifæri til að brúa bilið á milli skólastiga. Starfið í leikskóladeildinni samtvinnast markvisst við grunnskólann og taka börnin þátt í morgunsamveru tvisvar í viku með öllum bekkjum grunnskólans. Auk þess taka þau þátt í fjölvali vikulega með 1.-2. bekk þar sem börnin velja sér stöð eftir áhugasviði og fá þannig tækifæri til að vinna með ólíkum aldursópum og kynnast skólahúsnæðinu betur. Rýmið í leikskóladeildinni er rúmgott og er notast við sérstakt leikskólaútisvæði sem er afmarkað. Einnig blandast leikskólabörnin eldri nemendum í útiveru á ýmsum útisvæðum við skólann.

Í leikskóladeild Flataskóla er faglegt og metnaðarfullt starf og er deildin opin á sama hátt og aðrir leikskólar í Garðabæ eða allt árið

### Dagsskipulag

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:00-8:30	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
8:00-9:15	Róleg stund Fínhyfivinna Frjáls leikur	Róleg stund Skapandi starf Frjáls leikur	Róleg stund Fínhyfivinna Samvera á sal 8:30-8:50	Róleg stund Fínhyfivinna Frjáls leikur	Róleg stund Fínhyfivinna Samvera á sal 8:30-8:50
9:15-11:15	Lubbastund -bókstafir/hljóð- Hringekja Útivera	Markviss málörvun Útivera	Vettvangsferð	Stofufundur Hringekja Útivera	Útivera Samvera Fjölval 10:30-11:50
11:15-11:30	Samvera - söngur	Samvera - söngur	Samvera - söngur	Samvera - söngur	Samvera - söngur
11:30-12:00	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:00-12:30	Lestrarstundir	Lestrarstundir	Lestrarstundir	Útivera	Lestrarstundir
12:30-14:15	Útivera	Útivera Blær vináttuverkefni	Íþróttir Hópur 1: 12:50-13:30 Hópur 2: 13:30-14:10	Bókasafn Hópur 1: 12:30-13:00 Hópur 2: 13:00-13:30 Hópur 3: 13:30-14:00	Útivera
14:15-16:00	Nónhressing Frjáls leikur Flæði	Nónhressing Salur Frjáls leikur	Nónhressing Frjáls leikur/Val	Nónhressing Frjáls leikur/Val	Nónhressing Frjáls leikur/Val
16:00-16:30	Róleg stund Frjáls leikur	Róleg stund Frjáls leikur	Róleg stund Frjáls leikur	Róleg stund Frjáls leikur	Róleg stund Frjáls leikur

Grænmeti/ávextir á bilinu 9:00-10:30

## Starfsáætlun leikskóladeildar Flataskóla 2022-2023

Nafn leikskóla: <b>Leikskóladeild Flataskóla</b> skólaárið 2022-2023			
Helstu áherslur í uppeldisstarfinu fyrir skólaárið	Ábyrgðaraðili	Rökstuðningur fyrir vali áherslupátta	Mat á gæðaviðmiðum birt í ársskýrslu
Lubbi finnur málbein	Deildarstjórar	Læsi og samskipti	x
Stærðfræði í leik og starfi	Deildarstjórar	Sjálfbærni og vísindi	x
Blær - vináttuverkefni Barnaheilla	Deildarstjórar	Heilbrigði og vellíðan	x
Markviss málörvun	Deildarstjórar	Læsi og samskipti	x
Vettvangsferðir og útinám	Deildarstjórar	Heilbrigði og vellíðan/Sjálfbærni og vísindi	x
Íþróttir	Deildarstjórar/íþróttakennari	Heilbrigði og vellíðan	x
Bókasafn	Deildarstjórar/bókasafnsfræðingur	Læsi og samskipti	x
Fjölval	Deildarstjórar/kennarar	Heilbrigði og vellíðan - sköpun og menning	x
Vinahópar - Leikskóli og 5.bekkur	Deildarstjórar/kennarar	Heilbrigði og vellíðan	x
Frjáls leikur	Deildarstjórar	Sköpun og menning	x
Brúum bilið - samstarf leik- og grunnskóla	Deildarstjórar	Heilbrigði og vellíðan	x
Matsþættir vetrarins	Gæðaviðmið	Gagnaöflunarleiðir	Verklök/birting á niðurstöðum
Lubbastundir	Kynnist bókstöfum og hljóðum þeirra	Ígrundun/matsblöð	Ársskýrsla - vor 2023
Stærðfræði í leik og starfi	Stærðfræði fléttist inn í leik og starf	Ígrundun/matsblöð	Ársskýrsla
Blær - vináttuverkefni Barnaheilla	Jákvæði samskipti og umburðarlyndi	Ígrundun/matsblöð	Ársskýrsla
Vettfangsferðir og útinám	Kynnist náttúrunni og fjölbreyttu umhverfi	Ígrundun/matsblöð	Ársskýrsla
Brúum bilið - samstarf leik- og grunnskóla	Stuðla að öryggi og samfelli á milli skólástiga	Ígrundun/matsblöð	Ársskýrsla
Val	Hafa áhrif á eigið nám og æfa sjálfstæði	Ígrundun/matsblöð	Ársskýrsla
Fjölval	Hafa áhrif á eigið nám og æfa sjálfstæði	Ígrundun/matsblöð	Ársskýrsla
Lýðræði	Taki lýðræðislegar ákvarðanir	Ígrundun/matsblöð	Ársskýrsla
Próunarverkefni; <i>Stofufundir, lýðræði og lausnaleit</i>			
Hvaða þættir eru lagðir til grundvallar foreldrasamstarfi?	Ábyrgðaraðili	Tímalína	Samantekt birt í ársskýrslu
Gott upplýsingaflæði - dagleg samskipti við heimili	Deildarstjórar	Foreldrakönnun að vori	x
Nákvæmt og lýsandi dagsskipulag/stundaskrá	Deildarstjórar	Foreldrakönnun að vori	x
Vikupóstar - áherslur vikunnar	Deildarstjórar	Foreldrakönnun að vori	x
Daglegar uppl. á töflu í fataklefa um verkefni/viðburði dagsins	Deildarstjórar	Foreldrakönnun að vori	x
Nýbreytni og þróunarverkefni	Ábyrgðaraðili	Lýsingar á innleiðingu	Samantekt birt í ársskýrslu
Próunarverkefni; <i>Stofufundir, lýðræði og lausnaleit</i>	Skólástjóri	Fræðsla, virkni og stofufundir	x
Leiðsagnarnám - framhald	Stjórnendur/leiðtogar verkefnis	Fræðsla, þjálfun og æfingar	x
Fjölbreyttar fjölskyldur	Deildarstjóri yngra stígs	Þemavinna á vorönn	x
Fræðsla til kennara/ stefna í starfsmannahaldi	Ábyrgðaraðili	Tímalína	Samantekt birt í ársskýrslu
Stuðla að jafnvægi og ánægju í starfsmannahópnum	Stjórnendur	Unnið að samfellt	x
Leiðsagnarnám	Stjórnendur	samfellt jafnt og þétt yfir skólaárið	x
Námsferð til London - Leiðsagnarnám	Stjórnendur	október	x
Námskeið sem falla vel að áherslupáttum leikskólans	Deildarstjórar		x
<b>Annað</b>	<b>Birt með starfsáætlun</b>	<b>Skóladagatal og matsáætlanir</b>	<b>Uppfært árlega</b>

## Samstarf grunn- og leikskóla - brúum bilið

Flataskóli, leikskóladeild Flataskóla, Bæjarból og Kirkjuból eiga með sér formlegt samstarf. Markmið samstarfsins eru:

- að efla tengsl og samvinnu milli leik- og grunnskóla.
- að skapa samfellu í námi barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum.
- að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.
- að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi.
- að auka samstarf um fagleg málefni.

### Skipulag samstarfsins

Stefnt skal að því að hvert leikskólabarn fari a.m.k. fjórum sinnum í heimsókn í grunnskólann og hvert grunnskólabarn heimsæki einnig leikskóla. Í heimsóknunum ganga nemendur inn í það starf sem fyrir er á hverjum stað. Lagt er upp úr því að leikskólabörnin skoði grunnskólann og kynnist bæði frímínútum og nestistímum. Leikskólahópum er boðið að koma og horfa á atriði 1.bekkja í morgunsamveru á sal skólans. Við það tækifæri sýna leikskólahóparnir einnig atriði sem þeir hafa æft.

Fjöldi í skóladeildum leikskólanna: Bæjarból 6, Flataskóli 27, Kirkjuból 7 - Alls 40 börn

Leikskóli	Hópur 1 – Sif	Hópur 2 – Svanhvít
Bæjarból	6	
Flataskóli 5 ára	14 (hópur 1)	13 (hópur 2)
Kirkjuból		7
Alls	20 börn	20 börn

Lagt er upp með að hóparnir haldist í heimsóknum í 1.bekk og þannig heimsæki leikskólabörnin sama kennarann og sömu kennslustofuna í öll skiptin.

### Skipulag samstarfs

Dagsetning	Tími	Heimsókn
<b>1.nóvember</b> Þriðjudagur	12:30-13:30	Bæjarból og leikskóladeild Flataskóla (hópur 1) heimsækir 1.bekk Flataskóla. Hópnum skipt í tvennt.
<b>8.nóvember</b> Þriðjudagur	12:30-13:30	Kirkjuból og leikskóladeild Flataskóla (Hópur 2) heimsækir 1.bekk Flataskóla. Hópnum skipt í tvennt.
<b>29.nóvember</b> Þriðjudagur	12:30-13:30	1.bekkur heimsækir leikskóla.
<b>13.desember</b> Þriðjudagur	9:00-9:45	Leikskólar heimsækja 1.bekk í samveru á sal. 1. bekkur og leikskólar sýna atriði.
<b>21. mars</b> Þriðjudagur	9:00-10:30	Bæjarból og leikskóladeild Flataskóla (hópur 1) heimsækir 1.bekk Flataskóla – kennslustund, nesti og frímínútur. Hópnum skipt í tvennt.
<b>2.maí</b> Þriðjudagur	9:00-10:30	Kirkjuból og leikskóladeild Flataskóla (hópur 2) heimsækja 1.bekk Flataskóla – kennslustund, nesti og frímínútur. Hópnum skipt í tvennt.
<b>30.maí</b> Þriðjudagur	14:30-16:00	Vorskóli fyrir leikskólabörn sem innrituð eru í Flataskóla. Foreldrafundur á sal 15:30-16:00. Leikskóli fylgir en foreldrar sækja.



## Tengiliðir

Flataskóli – deildarstjóri yngra stigs	Helga	helgakris@flataskoli.is
Flataskóli - 1. bekkur	Svanhvít	svanhvitg@flataskoli.is
Flataskóli - 1. bekkur	Sif	sif@flataskoli.is
Flataskóli - leikskóladeild	Herdís	herdisj@flataskoli.is
Bæjarból	Ragnhildur	ragnhildurha@baejarbol.is
Kirkjuból	Ragnheiður	ragnheidurha@kirkjubolid.is

## Foreldrar

Starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman að mótun þessa samfélags og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. Til þess að það gangi vel þarf að ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið.

Öflugt foreldrastarf og sterk samstaða um grundvallarviðmið er besta forvörnin gegn hvers kyns vá, t.d. neyslu fíkniefna og óæskilegri hegðun. Ef foreldrar nemenda í hverjum árgangi eða skóla ná að stilla saman strengi um meginviðmiðanir í uppeldismálum aukast líkur á árangri í skólastarfinu, þ.e. námsárangri, almennri velferð nemenda og forvörnum.

## Miðlun upplýsinga til foreldra og foreldrasamstarf

Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf stuðlar að trausti milli foreldra og starfsfólks skóla og hjálpar þeim að deila ábyrgð og taka ákvarðanir sem lúta að velferð nemenda. Með auknum kynnum foreldra af daglegu starfi í skólanum og skipulegri samvinnu um skólastarfið aukast líkur á virkri þátttöku foreldra í tengslum við ákvarðanir og ábyrgð. Aukin hlutdeild foreldra stuðlar að bættem námsárangri barna og bættri líðan þeirra.

Í lögum um grunnskóla er tekið fram að foreldrar eigi rétt á upplýsingum um skólastarf og skólagöngu barna sinna og að grunnskólinn skuli stuðla að góðu samstarfi við foreldra. Mikilvægi almannatengsla í skólastarfi kemur glöggt fram í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2011) en þar er skýrt kveðið á um upplýsingamiðlun og upplýsingaskyldu grunnskólans til foreldra. Þar segir meðal annars að upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð þessara aðila sé mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi.

Samkvæmt *Aðalnámskrá skóla* (2011) eiga umsjónarkennarar og skólastjórnendur að bera meginábyrgð á að halda uppi virku samstarfi við foreldra og auka hlutdeild þeirra í skólastarfinu. Þar er einnig skýrt kveðið á um ábyrgð og upplýsingaskyldu foreldra en þeim ber skylda til að veita skólanum viðeigandi upplýsingar um hagi barnsins sem skipta máli fyrir skólagöngu þess og almenna velferð.

- Nemendur og foreldrar þeirra eiga rétt á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki, þar með talið að skoða metin verkefni og prófurlausnir. Þeir eiga jafnframt rétt á munnlegum skýringum á námsmati og að niðurstaða námsmats sæti endurskoðun innan grunnskólans.
- Ástundun og skólasókn er skráð í Mentor daglega og foreldrar eiga að hafa fullan aðgang að slíkum upplýsingum.
- Vikulega senda umsjónarkennarar og deildarstjórar leikskóladeildar heim upplýsingabréf til foreldra/forráðamanna þar sem koma fram upplýsingar um allt það helsta sem verið er að gera.
- Mánaðarlega sendir skólastjóri foreldrum fréttabréf sem einnig er aðgengilegt á heimasíðu skólans.
- Á heimasíðu skólans er að finna allar helstu upplýsingar um skólastarfið. Sérstaklega er bent á starfsáætlun skólans og árganganámskrár.

Í skólanum er lögð áhersla á mikilvægi foreldrasamstarfs og að gott upplýsingastreymi sé milli heimila og skóla. Stefna Flataskóla með foreldrasamstarfi er að skapa öflugt samstarf við heimilin. Heimili og skóli verða að vera samstíga við uppeldi og menntun barnsins. Leitað er fjölbreyttra leiða til að efla samstarf skólans við heimilin og efla samstarf foreldra innbyrðis og auka þannig árangur og almenna velferð nemandans á grunnskólagöngu hans. Reynslan hefur sýnt að árangur næst aðeins með góðu sambandi og samvinnu milli heimilis og skóla. Sérstaklega reynir á þennan þátt þegar erfiðleikar steðja að, námslegir, félagslegir og/eða hegðunarörðugleikar. Með einlægum ásetningi og vinnu af beggja hálfu hefur samvinna við foreldra skipt sköpum.

### **Haustfundir grunnskólans**

Hefð er fyrir haustfundum þar sem fram fara kynningar á starfinu fyrir forráðamönnum. Markmiðið með fundunum er að efla samstarf heimila og skóla, upplýsa forráðamenn um skólastarfið og að tryggja að valdir séu bekkjarfulltrúar fyrir hvern árgang í skólanum. Haustið 2022 prófum við aðra leið til að ná framangreindum markmiðum:

- Bekkjarfulltrúar eru valdir með tölvusamskiptum að frumkvæði skólastjóra og stjórnar Foreldrafélagsins
- Haldinn er kynningarfundur / námskeið fyrir foreldra nemenda í 1. bekk þar sem veittar eru upplýsingar um skólastarfið og áhersla er lögð á fræðslu um hlutverk og stuðning foreldra við námið.
- Í öðrum árgöngum boða umsjónarkennarar til fyrsta bekkjarkvölds árgangsins sem fyrst eftir að árgangurinn hefur verið með atriði á morgunsamveru. Á bekkjarkvöldinu er atriðið sýnt foreldrum, kennarar hafa stutta kynningu á starfinu og nemendur sýna kennslustofur sínar og verk sem þeir hafa unnið auk þess sem eitthvað fleira er gert til gamans. Allir árgangar skulu hafa haldið bekkjarkvöld fyrir miðjan nóvember.

## Foreldra- og nemendaviðtöl grunnskólans

Tvisvar yfir veturinn er kennsla felld niður vegna samtalsdaga, foreldra- og nemendaviðtala. Þá fá foreldrar ásamt barni sínu viðtalstíma við umsjónarkennara. Aðrir kennarar og starfsmenn eru einnig til viðtals í skólanum á samtalsdegi.

Fyrri samtalsdagurinn er í október og síðari dagurinn er í lok janúar. Á samtalsdögum er rætt um líðan og stöðu nemenda í skólanum. Farið er yfir þau námsmatsgögn sem fyrir liggja og gjarnan sett markmið fyrir næsta misseri.

Fyrir utan þessi formlegu samtöl stendur foreldrum til boða að panta samtal við umsjónarkennara eða aðra kennara eins oft og þurfa þykir. Einnig eiga umsjónarkennarar og foreldrar í reglulegum samskiptum með tölvupósti eða í síma. Sérkennarar og sérfræðingar kalla foreldrar til funda þegar tilefni er til s.s. til kynningar á einstaklingsnámskrá, vegna lestrarátaks eða greininga.

## Viðmið um samskipti foreldra og kennara í Flataskóla

Viðmið þessi eru sett fram til að tryggja góð og örugg samskipti heimila og skóla. Foreldrar og forráðamenn eru beðnir um að virða þessar leiðbeiningar.

### Tölvupóstur

- Aðalsamskiptamáti kennara við foreldra er í gegnum tölvupóst og síma.
- Kennarar opna tölvupósta a.m.k. einu sinni á dag, staðfesta móttöku á erindi foreldra og leitast við að svara fyrirspurnum sem fyrst.
- Gert er ráð fyrir að tölvupóstum sé svarað á hefðbundnum vinnutíma kennara.
- Ætlast er til að tölvupóstar séu eingöngu notaðir til að senda upplýsingar eða spyrjast fyrir um hagnýt mál.
- Viðkvæm mál skal að öllu jöfnu fjalla um með öðrum hætti en í tölvupósti.

### Sími/tilkynningar forfalla/leyfisveitingar

- Foreldrar hafi samband við móttöku ef þeir þurfa að ná í kennara. Best er að senda tölvupóst á flataskoli@flataskoli.is og skrifstofustjóri kemur skilaboðum áleiðis til kennara sem hefur samband síðar. Foreldrar geta aðeins haft símasamband við kennara meðan á kennslu stendur ef brýna nauðsyn ber til. Foreldrar eru beðnir um að hafa ekki samband við kennara í persónuleg símanúmer þeirra.
- Ef foreldrar þurfa að ná í börn sín á skólatíma þarf að hafa samband við skrifstofustjóra sem sér um að koma sambandi á eða upplýsingum til nemanda. Börnum er óheimilt að nota síma sína á skólatíma og því ekki gert ráð fyrir að foreldrar hringi beint í börn sín þó þau séu með síma í töskunni.
- Foreldrar tilkynni veikindi daglega beint á Mentor. Það er gjarnan mikið álag á símkerfi skólans og því óskum við sérstaklega eftir því að veikindi séu tilkynnt á Mentor. Slíkar tilkynningar eiga að berast fyrir klukkan 8:30. Standi veikindi yfir í nokkra daga ber að tilkynna þau fyrir hvern dag. Ef misbrestur verður á veikindatilkynningum er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.

Ef foreldrar vilja óska eftir leyfi fyrir börn sín frá skóla þá hefur umsjónarkennari heimild til að veita leyfi í tvo daga en ef um lengra leyfi skal sækja í gegnum svæði foreldra á mentor.is. Rétt er að minna

á að það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa af í leyfum frá skóla.

- Foreldrar eru beðnir um að virða skólatíma barnanna og taka þau ekki úr skóla á skólatíma nema brýn nauðsyn sé. Nám nemenda í leyfum þeirra er á ábyrgð foreldra.

### Facebook og aðrir samskiptamiðlar

- Kennarar eða aðrir starfsmenn skólans stofna ekki sérstakan facebookhóp fyrir foreldra barna í umsjón, heldur senda tölvupóst með upplýsingum eða hafa samband símleiðis.
- Ekki er ætlast til að kennarar tengist facebooksíðum árganga eða setji inn efni á slíkar síður.
- Almenna reglan er sú að starfsmenn skólans og foreldrar og/eða nemendur gerast ekki vinir á facebook eingöngu vegna tengsla í skólanum.
- Foreldrar þurfa að láta skólann vita ef óheimilt er að birta myndir af börnum þeirra á vefsíðum skólans eða öðru útgefnu efni á vegum skólans.

### Árgangasíður á Facebook

Stjórnendur og skólaráð Flataskóla vilja biðja þá foreldra/forráðamenn sem stjórna aðgengi á fb síðum ákveðinna nemendahópa að setja neðangreindan texta inn á þær. Með þessum skilaboðum er reynt að stuðla að vandaðri umræðu þar sem nærgætni í garð nemenda, foreldra og starfsmanna skólans er í hávegum höfð:

„Tilgangurinn með þessari síðu er m.a. að efla samstarf milli foreldra varðandi börn sín og birta upplýsingar frá bekkjarfulltrúum og foreldrafélaginu um félagsstarf nemenda. Hér á aldrei að fjalla um mál einstakra nemenda, nemendahópa, foreldra né starfsmanna skólans. Ef foreldrar telja að eitthvað sé ábótavant varðandi skólastarfið eru þeir beðnir um að hafa beint samband við kennara eða stjórnendur skólans“.

### Heimsóknir foreldrar í skólastofur/ inn á deild

Starfsfólk Flataskóla hvetur foreldra til að kynna sér daglegt starf barna sinna í skólanum og skulu heimsóknir í skólastofur ávallt vera í samráði við kennara. Því eru foreldrar beðnir um að hafa samband við kennara ef þeir vilja koma í heimsókn í kennslustund.

### Samstarf við erlenda foreldra

Það hefur afgerandi þýðingu fyrir námsframvindu erlendra nemenda að samvinna um skólagönguna sé góð. Sé þess óskað er kallað á túlk eða tvítyngdan tengil í foreldraviðtölum til að aðstoða kennara og foreldra með annað tungumál en íslensku.

## Foreldrafélag Flataskóla

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Markmið Foreldrafélags Flataskóla er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda.

Stjórnina skipa fulltrúar foreldrar valdir úr röðum foreldrafulltrúa í árgangi, einn aðalfulltrúi og einn varafulltrúi úr hverjum árgangi og skiptir stjórnin með sér verkum. Félagið skipuleggur m.a. fjáröflunarbingó og fræðslufund fyrir foreldra og nemendur í 7. bekk.

Aðalfundur félagsins er haldinn að hausti með hefðbundinni aðalfundardagskrá. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans <http://www.flataskoli.is/foreldrar/>

## Stjórn og bekkjafulltrúar

Stjórn Foreldrafélagsins skólaárið 2022-2023 er þannig skipuð:

Fríða Bogadóttir  
Guðrún Yrsa Richter  
H. Hanna Friðriksdóttir  
Harpa Þorsteinsdóttir  
Lydía Þrastardóttir  
Sólveig Auður Bergmann  
Unnur Tómasdóttir

Varamenn í stjórn:  
Erla Þuríður Pétursdóttir  
Katrín Björgvinsdóttir  
Margrét Rán Kjærnested  
Ómar Gunnar Ómarsson

Upplýsingar um bekkjafulltrúa má nálgast á heimasíðu skólans:

<http://flataskoli.is/foreldrar/foreldrafelag/bekkjafulltruar/>

## Tilhögun kennslu í grunnskólanum

Kennsla er skipulögð skv. aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðunarstundaskrá liggur til grundvallar. Markmið og innihald kennslunnar er sett fram í námsáætlunum sem birtar eru í árgangahandbókum á heimasíðu skólans.

Þar setja kennarar fram sína sýn á starfið í árganginum, gera grein fyrir viðfangsefnum vetrarins og skipulagi.

## Útfærsla viðmiðunarstundaskrár

Námsgrein / árgangur	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.
Íslenska	7	7	7	7,5	8	8	6
Stærðfræði	5	5	5	5	5	5	5
Samfélagsgreinar:	4,5	4,5	4	4,5	5	5	4
Náttúrufræði	3	3	3	3	3	3	2
Enska					3	3	3
Danska							3
Upplýsingamennt	Sambætt við aðrar greinar						
Tónmennt/samvera	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5
List og verkgreinar	4	4	4,5	4,5	5,5	5,5	6,5
Íþróttir	4	4	4	3	3	3	3
Sund**	1	1	1	1	1	1	1
Samtals	30	30	30	30	35	35	35

\*List- og verkgreinar í viðkomandi árgangi skiptast eins og sjá má hér á eftir. Auk þess fara allir nemendur í fjölval 2 kst á viku. Þar velja nemendur eftir sínu áhugasviði ákveðin verkefni til að vinna með og er þar stór hluti verklegs eða listræns eðlis. Einnig er list- og verkgreinum sambætt við aðrar námsgreinar að hluta í ýmsum verkefnum.

1. bekkur Nemendahópnum skipt í þrjá hópa í smíði, myndmennt og textílmennnt/heimilisfræði. Kennt í lotum 2 kestr. á viku.
- 2.-3. bekkur Nemendahópnum skipt í fjóra hópa í smíði, myndmennt, textílmennnt og heimilisfræði. Kennt í lotum 2 kestr. á viku. Auk þess tónmennt í 3.b 1 kst á viku.
4. bekkur Nemendahópnum skipt í fimm hópa í smíði, heimilisfræði, myndmennt, textílmennnt og sviðslistir/tónmennt. Kennt í lotum 2 kestr. á viku.
5. bekkur Nemendahópnum skipt í fimm hópa í smíði, heimilisfræði, myndmennt, textílmennnt, og sviðslistir/tónmennt. Kennt í lotum 4 kestr. á viku
6. bekkur Nemendahópnum skipt í sex hópa í smíði, heimilisfræði, myndmennt, textílmennnt, sviðslistir/tónmennt og réttindafræðslu. Kennt í lotum 4 kestr. á viku
7. bekkur Nemendahópnum skipt í sex hópa í smíði, heimilisfræði, myndmennt, textílmennnt, sviðslistum og náttúrufræði Kennt í lotum 4 kestr. á viku.

## Námsáætlanir grunnskólans

Námsáætlanir grunnskólans eru í lok árgangahandbóka. Haustið 2022 völdu teymi sér hæfniviðmið úr aðalnámskrá sem þau ætla að vinna með í hverri námsgrein yfirstandandi skólaár, viðfangsefni hvers hæfniviðmiðs voru skilgreind og leiðum sem stuðla að því að nemendur nái tiltekinni hæfni lýst.

Árgangahandbækur eru birtar á heimasíðu skólans undir „Námið / Árganganámskrár“.

## Námsmat grunnskólans

Námsmat skiptist í leiðsagnarmat og lokamat. Símat, sjálfsmat og jafningjamat eru einnig vinnubrögð í námsmati sem geta flokkast undir leiðsagnarmat eða lokamat eftir því hvernig unnið er úr því eftir á.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011/2013 er ekki gerð krafa um að lokamat sé lagt á vinnu nemenda nema við útskrift úr 10. bekk. Í öðrum árgöngum er hverjum skóla í sjálfsvald sett hvort þeir skila nemendum lokamati, en gert er ráð fyrir að nemendur fái leiðsagnarmat í öllu námsferlinu. Skólar hafa einnig val um hvers konar matskvarða þeir nota. Formlegt lokamati í Flataskóla fer aðeins fram við lok 4. og 7. bekkjar.

Birting og utanumhald námsmats er inni í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Námsmat í Flataskóla birtist nemendum og foreldrum með eftirfarandi hætti:

1.-3. bekkur	Hakað við hæfniviðmið á hæfnikortum nemenda.
4. bekkur	Hakað við hæfniviðmið á hæfnikortum nemenda. Einnig hakað við heildarmat á hæfnikortum í lok skólaárs og gefin þar hæfnieinkunn. Vitnisburðarblað með heildarmati vistað í námsmöppu nemenda í mentor.
5.-6. bekkur	Hakað við hæfniviðmið á hæfnikortum nemenda.
7. bekkur	Hakað við hæfniviðmið á hæfnikortum nemenda. Gefinn bókstafur (A-D) í lok árs á grundvelli matsviðmiða í íslensku og stærðfræði. Hakað við heildarmat á hæfnikortum í öðrum námsgreinum og gefin þar hæfnieinkunn. Vitnisburðarblað með heildarmati prentað út og afhent við útskrift.

## Matsaðferðir

Sú matsaðferð sem lögð er áhersla á í Flataskóla kallast leiðsagnarmat (formative assessment eða assessment for learning). Sú aðferð felur í sér markvissa leiðsögn til nemenda í námsferlinu um það hvernig þeir geta náð þeim markmiðum sem stefnt er að. Nemendur fá markvissa endurgjöf frá kennara og tækifæri til að bæta sig eftir þá endurgjöf. Endurgjöfin sem þeir fá tekur alltaf mið af þeim viðmiðum um árangur sem sett hafa verið fyrirfram og nemendum eru ljós í upphafi vinnunnar.

Við ætlum ekki að leggja af allar aðrar matsaðferðir en þær matsaðferðir sem við notum þurfa að vera í anda námsmenningar leiðsagnarnáms.

## Safnmöppur

Fimm sinnum á ári eru svokallaðar safnmöppur sendar heim með nemendum. Markmiðið með því er að gefa foreldrum sem besta mynd af vinnu nemandans í skólanum sem og að nemendur fái tækifæri til að meta verkefni sín og velja til sýnist þær úrlausnir sem þeir eru stoltastir af.

- 17.-21. okt: Blað með leiðbeiningum um hvað skal skoða og skilaboð/hvatning frá kennara og/eða forráðamönnum. Lesferilsniðurstöður september. Matsblað fyrir líðan og námsframvindu til umræðna með foreldrum. *Verkefni sem nemendur velja sjálfir og eru ánægðir með, önnur verkefni sem kennarar telja að gefi glögga mynd af vinnu og framvindu nemandans.*
- 12.-16. des: Blað með leiðbeiningum um hvað skal skoða og skilaboð/hvatning frá kennara og/eða forráðamönnum. *Verkefni sem nemendur velja sjálfir og eru ánægðir með, önnur verkefni sem kennarar telja að gefi glögga mynd af vinnu og framvindu nemandans.*
- 20.-24. feb: Blað með leiðbeiningum um hvað skal skoða og skilaboð/hvatning frá kennara og/eða forráðamönnum. Lesferilsniðurstöður janúar. *Verkefni sem nemendur velja sjálfir og eru ánægðir með, önnur verkefni sem kennarar telja að gefi glögga mynd af vinnu og framvindu nemandans.*
- 17.-21. apríl: Blað með leiðbeiningum um hvað skal skoða og skilaboð/hvatning frá kennara og/eða forráðamönnum. *Verkefni sem nemendur velja sjálfir og eru ánægðir með, önnur verkefni sem kennarar telja að gefi glögga mynd af vinnu og framvindu nemandans.*
- Skólaslit: Formlegt námsmat við lok 4. og 7. bekkjar. Mat nemenda á vetrinum. *Verkefni sem nemendur velja sjálfir og eru ánægðir með, önnur verkefni sem kennarar telja að gefi glögga mynd af vinnu og framvindu nemandans.*
- Auk þess er rafrænum gögnum safnað eftir föngum í námsmöppur á mentor og/eða á Google og foreldrar og nemendur hvattir til að skoða þau á sama tíma og safnmöppur eru sendar heim.



## Lestrarstefna grunnskólans

Í Flataskóla er unnið eftir lestrarstefnu sem er endurskoðuð og uppfærð reglulega. Lestrarstefnu Flataskóla er ætlað að byggja upp skýran ramma varðandi markmið, próf, skimanir, sérkennslu og kennsluaðferðir í lestri bæði fyrir kennara og foreldra í Flataskóla. Lestur er lykill að öllu námi og því þarf lestrarkennsla og lestrarþjálfun á öllum stigum að vera skýr, fjölbreytt og markviss. Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið þátt í samfélaginu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Lestrarstefnan í heild er birt á heimasíðu skólans.

Í skólanum er lestur æfður á fjölbreyttan hátt og lögð áhersla á að nemendur geti lesið sér til gagns og ánægju. Góð lestrarfærni er forsenda fyrir góðu gengi í námi.

## Heimalestur

Lestrarþjálfun er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Foreldrar spila stórt hlutverk í lestrarnámi barna sinn og geta haft mikil áhrif á árangur þess. Markviss þjálfun gerir börn að góðum lesurum og reglulegur heimalestur eykur líkur á því að börn nái mjög góðri lestrarfærni.

Í Flataskóla er ætlast til að nemendur æfi lestur heima a.m.k fimm sinnum í viku, 15-20 mínútur í senn, til viðbótar við þá þjálfun sem þeir fá í skólanum.

Umsjónarkennarar upplýsa foreldra um hvernig þeir skipuleggja utanumhald á heimalestri.

Leitað er lausna innan skólans fyrir nemendur sem ekki fá stuðning að heiman við lestrarþjálfun. Er það þá gert í samráði við foreldra.

## Stoðþjónusta - sérfræðiþjónusta

### Sérkennsla

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi. Grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi kennslu.

Í sérkennslu Flataskóla er leitast við að finna leiðir til að mæta þessu hlutverki á sem bestan hátt og gera námið sem skilvirkast.

Helstu markmið sérkennslu eru:

- að styrkja sjálfsmynd nemenda
- að nemendur fái kennslu í samræmi við þroska og getu
- að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að treysta samskipti við foreldra sem best.

Sérkennsla í Flataskóla skiptist í eftirtalda þætti:

- Kennsla nemenda með einstaklingsnámskrá. Kennsla sem felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðstæðum.
- Stuðningsmiðuð kennsla. Aðaláhersla á lestur og stærðfræði. Ekki er vikið verulega frá bekkjarnámskrá.
- Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSÁT kennsla), er ætluð nemendum sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli eða hafa dvalið langdvölum erlendis.

Nemendur fá sérkennslu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunarprófum, ábendingum ýmissa aðila, svo sem leikskólakennara, talmeinafræðings, kennara, deildarstjóra og foreldra. Að vori ræða sérkennarar við umsjónarkennara um stöðu nemenda og meta þeir sameiginlega þörf fyrir sérkennslu á komandi skólaári. Sérkennslutímum er skipt milli nemenda í samræmi við þarfir þeirra og endurskoðun fer fram nokkrum sinnum á ári.

### Lestrargreining

Sérkennarar Flataskóla leggur lestrargreiningarprófið LOGOS fyrir nemendur í 3.–7.bekk með mikla lestrarerfiðleika. Stuðningspróf Menntamálastofnunar (MMS) ásamt lesfimiprófum eru notuð til þess að fylgjast með nemendahópnum. Fylgst er sérstaklega með nemendum sem ná 60% eða minna af lágmarksviðmiðum MMS.

Sækja þarf um lestrargreiningu á sérstökum eyðublöð og afhenda deildarstjóra stoðþjónustu. Umsóknin verður lögð fyrir nemendaverndarráð til samþykktar. Niðurstöður greiningar eru kynntar á fundi með foreldrum og starfsfólki skóla. Sjá viðmið á mynd.

Bekkur	Viðmið 1	Viðmið 2	Viðmið 3
	90%	50%	25%
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190

## Nemendavernd

Samkvæmt grunnskólalögum er starfrækt nemendaverndarráð í skólanum. Það starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum.

Í nemendaverndarráði eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og sálfræðingur. Auk þess situr félagsráðgjafi frá fjölskyldusviði fundi ráðsins. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi sérkennslu, heilsugæslu og aðra sérfræðipjónustu. Nemendaverndarráði er ætlað að vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur skv. reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Einnig er hlutverk nemendaverndarráðs að starfa að velferðarmálum nemenda og hafa yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd sérkennslu í skólanum.

Fundir í nemendaverndarráði eru mánaðarlega en auk þess funda stjórnendur skólans og námsráðgjafi einu sinni í mánuði til að halda utan um framgang ýmissa nemendamála.

Starfsmenn skólans geta óskað eftir fundum í nemendaverndarráði með því að fylla út beiðni. Umsjónarkennari getur óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs um umsjónarnemanda sinn og skal kennarinn gera foreldrum viðvart um umfjöllunina fyrir fundinn. Leitast er við að taka málefni fyrir eins skjótt og hægt er eftir að beiðni berst. Nemendaverndarráð skráir stöðu málsins, fjallar um það faglega, leggur fram tillögur og fylgist með framvindu mála. Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans og utan sem það telur að geti upplýst sig um ákveðin málefni. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

## Námsráðgjöf

Námsráðgjafi er málsvari nemenda og trúnaðarmaður. Til námsráðgjafa geta nemendur og foreldrar leitað í ýmsum málum. Hlutverk námsráðgjafa er að vinna að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

Helstu verkefni námsráðgjafa í grunnskóla eru að:

- standa vörð um velferð allra nemenda
- vera talsmaður nemenda
- veita ráðgjöf og fræðslu um námstækni og próftækni
- leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi
- aðstoða nemendur við að setja sér markmið og gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum.

- veita nemendum ráðgjöf og fræðslu um náms- og starfsval
- veita nemendum einstaklingsráðgjöf
- veita persónulegan og félagslegan stuðning við nemendur
- aðstoða nemendur við að auka þekkingu þeirra á sjálfum sér þannig að þeir fái betur notið sín í námi og starfi
- sinna fyrirbyggjandi starfi í samstarfi við aðra starfsmenn skólans
- veita nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara að ná settum markmiðum í námi.
- sitja nemendaverndarfundum
- vinna að bættum samskiptum innan skólans
- sinna fyrirbyggjandi starfi í samstarfi við aðra starfsmenn skólans.

Námsráðgjafi vinnur í nánú samstarfi við foreldra eftir því sem við á og hefur samráð við aðra sérfræðinga innan og utan skólans, kennara, sérkennara, hjúkrunarfræðing, skólasálfræðing og skólastjórnendur og vísar málum til þeirra eftir því sem við á. Námsráðgjafi skólans er Katrín Anna Eyvindardóttir.

### Sálfræðipjónusta

Sálfræðingur starfar á vegum skólaskrifstofu Garðabæjar. Hlutverk hans er að greina vanda nemenda og veita ráðgjöf til foreldra og starfsmanna skólans. Fylla þarf út tilvísun, undirrita og senda deildarstjóra stoðþjónustu. Tilvísun er lögð fyrir nemendaverndarráð til samþykktar. Að lokinni greiningu fundar sálfræðingur með heimili og starfsfólki skóla.

### Talmeinafræðingur

Talmeinafræðingur starfar á vegum skólaskrifstofu Garðabæjar. Hann leggur málþroskapróf fyrir nemendur samkvæmt beiðni frá foreldrum og/eða kennurum. Fylla þarf út beiðni og undirrita og senda deildarstjóra stoðþjónustu. Að lokinni prófun fundar talmeinafræðingur með foreldrum og starfsfólki skóla.

### Skólaheilsugæsla

Heilsugæslan er á vegum Heilsugæslu Garðabæjar. Hjúkrunarfræðingur er í hlutastarfi í skólanum og með viðveru fjóra morgna vikunnar. Meginmarkmið skólaheilsugæslunnar er að börnin fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á í samræmi við bestu þekkingu.

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðmenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnaskyldu. Skólahjúkrunarfræðingur eða starfsmenn skóla veita fyrstu hjálp ef slys ber að höndum. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn. Því er nauðsynlegt að skólinn hafi símanúmer foreldra/forráðamanna.

Hjúkrunarfræðingur heldur utan um nemendur með bráðaofnæmi og setur viðeigandi gögn í þar til gerða möppu. Skólahjúkrunarfræðingur 2022- 2023 er Eva Þórey Sigurðardóttir/ Ásrún Þóra Björnsdóttir.

## Hvert á að leita

Umsjónarkennari/deildarstjóri er alltaf sá aðili sem foreldrum er bent á að hafa samband við fyrst þegar upplýsa þarf um breytingar á högum nemenda og einnig þegar grunur um námsvanda, samskiptaörðugleika, einelti eða aðra vanlíðan kviknar. Einnig er hægt að hafa samband við deildarstjóra stiga og námsráðgjafa þegar það á við eða skólastjóra ef foreldrum finnst mál ekki komast í skilvirkt ferli. Hægt er að hafa samband með því að hringja símanúmer skólans og biðja um að umsjónarkennari hringi eða senda tölvupóst beint til umsjónarkennara og biðja um símtal eða fund. Sama á við þegar foreldrar vilja ná sambandi við stjórnendur eða námsráðgjafa.

Það sem gerist heima getur haft áhrif á hegðun og ástundum nemenda og því er mikilvægt að upplýsa skólann um allar breytingar sem verða á högum barna. Nýr fjölskyldumeðlimur, skilnaður foreldra, veikindi í fjölskyldu, yfirvofandi flutningar og dauðsföll í fjölskyldum eru allt atvik sem geta haft mikil áhrif á tilfinningalíf barna og getur brotist út með áður óþekktri hegðun í skóla. Það auðveldar starfsfólki skóla að bregðast rétt við ef þau eru upplýst um hvað veldur hegðuninni og því er mikilvægt að upplýsingum sé komið til skólans. Samstarf heimila og skóla um velferð nemenda getur skipt sköpum í lífi barna. Því er mikilvægt að fullorðna fólkið í kringum börnin leggi sig fram um að eiga heiðarlegt og uppbyggilegt samstarf.

## Ýmsar áætlanir

Í Flataskóla eru fyrirbyggjandi ýmsar áætlanir sem fela í sér ákveðið vinnulag og styrkja starfsfólk í starfi. Allar áætlanir er að finna vef skólans, í skólanámskrá.

- Áfallaáætlun
- Gegn einelti í Garðabæ
- Forvarnaáætlun
- Jafnréttisáætlun
- Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur
- Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku
- Móttökuáætlun starfsmanna
- Rýmingaráætlun
- Stefna um einelti og kynferðislega áreitni
- Öryggisáætlun – viðbrögð við óveðri

---

## Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Í lögum nr. 91/2008 um grunnskóla, 10. kafla aðalnámskrár grunnskóla og skólastefnu Garðabæjar er að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Markmið mats og eftirlits er einkum þrjúþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

## Innra mat grunnskólans

Í innra mati skal gera grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni. Skólinn nýtir matskerfið Skólapúlsinn til að kortleggja meta og endurmeta ýmsa þætti. Nemendur, foreldrar og starfsmenn svara árlega könnun er lýtur að fjölmörgum þáttum skólastarfsins. Við sjálfsmat í Flataskóla er stuðst við Grunnskólalög (91/2008), Aðalnámskrá Grunnskóla (2011), Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla (585/2010), Skólastefnu Garðabæjar og skólanámskrá Flataskóla. Sjálfsmatskýrslur og ársskýrslur eru á vef skólans sjá <http://www.flataskoli.is/skolinn/mat-a-skolastarfi/>

## Ytra mat grunnskólans

Ytra mat er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis og eftir atvikum sveitarfélaga sem bera ábyrgð á rekstri skóla. Matið skal byggjast á fjölbreyttum gögnum og upplýsingum s.s. niðurstöðum innra mats og öðrum skriflegum gögnum frá skólum, heimsóknum í skóla og viðtölum eftir því sem við á og athugun á kennslu.

Í janúar 2018 gerðu starfsmenn Menntamálastofnunar úttekt á starfsemi Flataskóla. Þeir þættir sem voru skoðaðir voru stjórnun, nám og kennsla og innra mat. Niðurstöður úttektarinnar voru settar fram í skýrslu sem var birt í apríl 2018 en kynntar starfsfólki í mars. Skólaráði voru kynntar niðurstöður í apríl. Þar eru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og sett fram tækifæri til umbóta. Umbótaáætlunin var síðan unnin í framhaldinu og sett upp í töfluformi ásamt tímaramma og ábyrgðaraðilum. Í umbótaáætluninni kemur sérhver tillaga til úrbóta úr skýrslunni fyrir í sömu röð og þær eru í skýrslunni. Í einhverjum tilfellum er búið að framkvæma það sem bent er á. Það kemur þá fram í áætluninni. Allir kennarar og stjórnendur skólans hafa unnið við gerð þessarar umbótaáætlunar. Unnið var með hvern þátt í hópvinnu. Fulltrúar Garðabæjar hafa enn fremur tekið þátt í gerð þessarar umbótaáætlunar. Úttektin var afar gagnleg fyrir skólastarfið og gerir okkur í skólanum kleift að gera gott skólastarf enn betra. Hægt er að nálgast umbótaáætlunina á heimasíðu Flataskóla. Lokaskýrsla var unnin vorið 2021 og birtist einnig á heimasíðu skólans.

## Áætlun um sjálfsmat grunnskólans

Eins og undanfarin ár verða lagðar fyrir kannanir Skólapúlsins um viðhorf og skoðanir nemenda, forráðamanna og starfsmanna um fjölmarga þætti sem lúta að skólastarfinu. Skólaþing verða haldin með nemendum og ýmsar smærri kannanir varðandi sérstaka þætti eru lagðar fyrir. Viðmið skólans um starfshætti og viðmið um árangur verða nýtt sem grunnur að sjálfsmati skólans hvað varðar grunnskólastarf. Á skólaárinu verða unnin sambærileg viðmið varðandi leikskóla- og frístundastarf innan skólans. Þá verður tekið í notkun forritið Bravolesson til að halda utan um sjálfsmatsvinnuna og umbótastarf vegna hennar. Hér á eftir má finna fjögurra ára áætlun fyrir innra mat skólans. Áformað er að leggja til grundvallar annars vegar Viðmið um gæðastarf í grunnskólum eins og þau eru skilgreind af Menntamálastofnun og hins vegar viðmið skólans um starfshætti.

Viðfangsefni				
<b>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta</b>	22-23	23-24	24-25	25-26
1.1 Samvirkni í stefnumótun	x			
1.2 Faglegt samstarf og samræða	x			
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	x			
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	x			
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir		x		
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting		x		
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna		x		
<b>Svið II - Nám og kennsla</b>	22-23	23-24	24-25	25-26
2.1 Inntak og námskrá			x	
2.2 Árangur náms			x	
2.3 Visbendingar			x	
2.4 Gæði kennslu				x
2.6 Skipulag náms				x
2.7 Námsvitund				x
2.8 Ábyrgð og þátttaka .				x
<b>Svið III Innra mat</b>	22-23	23-24	24-25	25-26
3.1 Skipulag		x		
3.2 Framkvæmd			x	
3.3 Umbætur				x
<b>Viðmið um starfshætti - menntun</b>	22-23	23-24	24-25	25-26
Sjálfstæði nemenda	x			
Tækifæri til að hafa skapandi áhrif á námið	x			
Gagnkvæm virðing ríkir / fjölbreytileika fagnað	x			
<b>Viðmið um starfshætti - árangur</b>	22-23	23-24	24-25	25-26
Fagmennska ríkir í starfsemi skólans		x		
Menntun nemenda er markviss		x		
Stuðlað að hvetjandi námsmenningu		x		
<b>Viðmið um starfshætti - ánægja</b>	22-23	23-24	24-25	25-26
Námið er áhugavert og merkingarbært			x	
Sjálfsmýnd nemenda og trú á eigin getu eflist			x	
Nám varðandi stafræna tilveru			x	

## Matsáætlun leikskóla 2022-2023

Matsþáttur	Tenging við aðalnám-skrá	Viðmið	Hver metur	Hvenær	Matsgögn	Framsetning á niðurstöðum
Lubbastundir	Læsi og samskipti	Að börnin kynnist bókstöfum og hljóðum þeirra.	Börn / starfsfólk	Janúar/júní	Ígrundun/matsblöð	Árs-skýrsla
Bókstafir og hljóð í stöðvavinnu	Læsi og samskipti	Að veita aukin tækifæri til að vinna með bókstafi og hljóð á fjölbreyttan hátt.	Börn / starfsfólk	Janúar/júní	Ígrundun/matsblöð	Árs-skýrsla
Stærðfræði í leik og starfi	Sjálfbærni og vísindi	Að veita aukin tækifæri til að þjálfa grunnþætti stærðfræðinnar.	Börn / starfsfólk	Janúar/júní	Ígrundun/matsblöð	Árs-skýrsla
Blær - vináttuverkefni	Heilbrigði og vellíðan	Að stuðla að jákvæðum samskiptum og umburðarlyndi.	Börn / starfsfólk	Janúar/júní	Ígrundun/matsblöð	Árs-skýrsla
Vettvangsferðir og útinám	Heilbrigði og vellíðan Sjálfbærni og vísindi	Að börnin kynnist náttúrunni og hreyfi sig í fjölbreyttu umhverfi.	Börn / starfsfólk	júní	Ígrundun/matsblöð	Árs-skýrsla
Lýðræði	Sköpun og menning	Taki lýðræðislegar ákvarðanir og fái tækifæri til að hafa áhrif.	Börn / starfsfólk	júní	Ígrundun/matsblöð	Árs-skýrsla
Stofufundir, lýðræði og lausnaleit - þróunarverk.	Sköpun og menning	Taki þátt í stofufundum, fái að hafa áhrif og þjálfast í lausnaleit.	Börn / starfsfólk / fltr. foreldra	júní	matslisti / rýnihópar	Loka-skýrsla / Árs-skýrsla
Brúum bilið Samstarf leik- og grunnskóla	Heilbrigði og vellíðan	Að stuðla að tengslum, öryggi og skapa samfellu á milli skólastiga.	Deildarstjórar	júní	Ígrundun/matsblöð	Árs-skýrsla



## Skólaþróun og umbætur

Í ársskýrslu síðasta skólaárs, 2021-2022, voru dregnar saman nokkrar niðurstöður úr matsvinnu og tillögur til umbóta. Þær mátti flokka í þrennt, þ.e. í fyrsta lagi leiðsagnarnám og námsmat, í öðru lagi agamál og skólabrag og í þriðja lagi stefnu skólans og mat á starfinu. Í samræmi við þessar niðurstöður snúast megin áherslur skólans í þróun og umbótum að þessum þáttum. Jafnframt er áfram unnið með nokkur af skólaþróunarverkefnum frá fyrri árum þannig að þau nái enn frekar að festa sig í sessi.

### Leiðsagnarnám og námsmat

**Leiðsagnarnám.** Leiðsagnarnám hefur verið hluti af stefnu Flataskóla í nokkur ár. Stjórnendur skólans ákváðu að setja af stað markvissar aðgerðir til að starfshættir skólans einkennist af leiðsagnarnámi og þeirri námsmenningu sem styður við að svo megi verða. Skólinn fær styrk úr Þróunarsjóði Garðabæjar vegna þessa verkefnis.

Þegar leiðsagnarnám einkennir starfið í kennslustofunni sést að nemendur eru virkir þátttakendur í eigin námi, þeir vita til hvers er ætlast af þeim, hvert þeir stefna og hvernig þeir komast þangað.

Markvisst skipulag kennslustunda, samræður um nám og vel grunduð endurgjöf eru lykilþættir í leiðsagnarnámi. Til að sú námsmenning geti einkennt kennslustofur þurfa kennarar að hafa miklar væntingar til allra nemenda, nemendur verða að finna fyrir þeim væntingum og traust og hugarfar vaxtar ríkir í kennslustofunni.

Mistök eru viðurkennd sem hluti af lærdómsferli og þeim er fagnað sem lærdómstækifærum. Ef nemendur kunna ekki eitthvað ennþá þýðir það að þeir þurfa að æfa sig meira eða fara nýjar leiðir til að öðlast leiknina/færnina/hæfnina og þannig mynda þeir nýjar tengingar í heilanum.

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að í skólum þar sem leiðsagnarnám er einkennandi í starfsháttum verði námsárangur allra nemenda meiri, sjá t.d. bókina *Leiðsagnarnám, hversvegna, hvernig hvað?* (2021). eftir Nönnu Kristínu Christiansen.

Þróunin þarf að felast í tvennu, breyttum viðhorfum og breyttum starfsháttum í kennslustofunni.

Skólaárið 2022- 2023 vinnum við að því að festa í sessi þá þætti sem fjallað var um s.l. skólaár í tengslum við leiðsagnarnám. Fjallað verður um og gerðar tilraunir með þætti sem árgangateymi velja sér úr viðmiðum um starfshætti skólans. Hvert teymi vinnur með 3-4 viðmið yfir skólaárið.

Þrír kennarar skólans eru í leiðtoganámi á vegum [Menntafléttunnar](#) til að leiða kennarahópa í innleiðingu [leiðsagnarnáms í hvetjandi námsumhverfi](#). Markmið námskeiðsins er að styrkja leiðtoga við að leiða hóp samkennara sinna í námssamfélagi með samræðum um leiðsagnarnám.

Allir árgangar Flataskóla og stjórnendur taka þátt í innleiðingunni. Skipulagðir hafa verið fundir í þar sem kennarahópurinn hittist og ígrundar það sem hann hefur gert tilraunir með. Kennarahópurinn les og ígrundar og gerir tilraunir í sinni kennslu sem svo er rætt á sameiginlegu fundunum.

Markmiðið er að menntun nemenda verði árangursríkari og nemendur ánægðari í skólanum. Við sjáum ávinning af því að nemendur verða meðvitaðri um eigin áhrif á nám sitt, læra um hvernig heilinn styrkist og að nýjar tengingar myndast þegar þeir glíma við krefjandi verkefni.

Ef vel tekst til munu nemendur verða:

- meðvitaðri um eigið nám
- virkari þátttakendur í sínu eigin námsferli
- betri námsmenn
- tilbúnari að glíma við viðfangsefni sem reyna á þá

Skólinn verður einnig sterkara námssamfélag þar sem kennarar skólans hafa fengið tóm til að gera tilraunir, þróa og ígrunda eigin nálgun í námi og kennslu og ræða saman í smærri hópum undir stjórn jafningja.

Innleiðing leiðsagnarnáms mun halda áfram næstu árin og von okkar er sú að það einkenni starfið í öllum kennslustofum á næstu þremur til fimm árum og höfum við tengt þætti í innra mati skólans við innleiðingu leiðsagnarnáms svo við getum fylgst með hvernig okkur gengur. Lögð er áhersla á leiðbeinandi kennsluhætti og fræðslu og þróun sem lýtur að framgangi þeirra. Þá er horft til nýtingar upplýsingatækni í námi, kennslu og mati.

**Breytt námsmat.** Áfram er unnið að innleiðingu nýs námsmats skv. aðalnámskrá og á skólaárinu verða stigin fleiri markviss skref varðandi hæfnimiðað nám og birtingu mats á hæfniviðmiðum í Mentor. Hæfniviðmið aðalnámskrár verða notuð til að meta námsframvindu nemenda og matinu safnað á hæfnikort í Mentor. Formleg skil á námsmati munu einungis fara fram í 4. og 7. bekk.

## Skólabragur og stefna skólans

### Leiðsagnarnám og bekkjarandi

Í sjötta árgangi verður unnið markvisst með að byggja upp góðan bekkjarbrag og námsmenningu. Kennarar árgangsins fengu þróunarstyrk til að tengja saman vinnu með góðan bekkjarbrag og vinnu við að innleiða námsmenningu leiðsagnarnáms. Þær nota t.d. stofufundi, stuðla að hugarfari vaxtar og hafa markmið námsins skýr til að vinna í þessa veru.

**Stofufundir og nemendasamtöl.** Áfram verður unnið að útfærslu reglulegra stofufunda (fundir nemenda sem deila heimastofu) með það að markmiði að auka enn frekar lýðræði í skólasamfélaginu og styrkja félagshæfni nemenda. Þá verða fest í sessi regluleg samtöl umsjónarkennara við nemendur.

**Réttindaskóli Unicef.** Áfram er unnið með verkefni tengt réttindaskóla Unicef. Markmiðið með því verkefni er að byggja upp lýðræðislegt námsumhverfi, auka þekkingu á mannréttindum og stuðla að gagnkvæmri virðingu innan skólasamfélagsins. Með verkefninu er skapaður rammi utan um þau markmið sem koma fram í aðalnámskrá grunnskóla, grunnskólalögum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, jafnrétti og lýðræði. Skólaárið 2022-2023 er stefnt að því að vinna þróunarverkefni sem greinir hvernig leiðsagnarnám og það að vera réttindaskóli tengist.

**Fjölval og áhugasviðsverkefni.** Áfram er unnið með fjölval en yfirmarkmið verkefnisins er að auka val nemenda á viðfangsefnum, samvinnu á milli árganga, samvinnu á milli skólastiga, auka sjálfstæði nemenda, að efla nemendur í að hafa áhrif á eigið nám, efla styrkleika, sköpun og gleði. Markmiðið er því að auka vellíðan í námi með áðurgreindum þáttum þar sem auðveldlega má tengja vellíðan við áhugahvetjandi viðfangsefni. Í fjölvali velja nemendur úr fjölbreyttum viðfangsefnum sem þeir sinna í

aldursblönduðum hópum. Auk þess er lögð áhersla á að nemendur fái tækifæri til að sinna áhugasviðum sínum í náminu.

Fjölvalinu var breytt haustið 2022, 4 og 5 ára deild er með 1. og 2. bekk í fjölvali og skipta þau um val á þriggja vikna fresti. Þriðji og fjórði bekkur er saman í fjölvali og skipta þau um einnig um val á þriggja vikna fresti.

5.-7. bekkur er saman í fjölvali og skipta þau um val á fjögurra vikna fresti. Eitt valið á miðstigi tekur heila önn og endar með uppsetningu söngleiks.

**Teymisvinna/teymiskennsla.** Áfram unnið að því að efla teymisvinnu starfsfólks og nýta kosti teymiskennslu til að mæta sem best þörfum nemenda.

**Stefna og innra mat skólans.** Hafin vinna með breyttu sniði og með nýrri áætlun varðandi innra mat skólans. Sjá kafla um mat á skólastarfi hér að framan.

## Kennsluráðgjöf

Við skólann starfar kennsluráðgjafi í fullu starfi. Kennsluráðgjafi er kennurum skólans til aðstoðar við útfærslu náms og kennslu með sérstaka áherslu á nýtingu upplýsingatækni. Einnig hefur kennsluráðgjafi umsjón með snillismiðju skólans, Djúpinu. Þrjár vikur í senn starfar kennsluráðgjafi með hverju kennsluteymi skólans og tekur þá þátt í undirbúningi og framkvæmd verkefna og kennslu nemendahópsins. Í sumum tilfellum eru þar undir sérstök eða árviss verkefni. Hér á eftir má sjá yfirlit yfir hvernig vinna ráðgjafa með kennsluteyimum skiptist yfir skólaárið. Elínborg Siggeirsdóttir er kennsluráðgjafi Flataskóla.

TÍMABIL	HÓPUR	VERKEFNI
5 - 23 sept	6. b. teymi	Rafmagn og seglar
26 sept - 14 okt	Sérkennsla	
31 okt - 18 nóv	7 .b. teymi	
28 nóv - 16 des	4.b. teymi	
2 - 6 jan	Sérkennsla	
25 jan - 10 feb	5. b. teymi	
27 feb - 3 mars	Sérkennsla	
13 - 31 mars	3. b. teymi	
17 apríl - 5 maí	2. b. teymi	
2 – 20 maí	1. b teymi	
23 – 31 maí	Allir	Vorsýning: undirbúningur + framkv.

### Starfsþróun

Starfsþróun starfsfólks má skipta í tvo meginþætti: Þætti sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þætti sem starfsfólk metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu á grundvelli sjálfsmats skóla. Starfsfólki ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í starfsþróun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt starfsþróunaráætlun skóla, enda séu þau starfsfólki að kostnaðarlausu.

Áætlun um starfsþróun fyrir skólaárið er annars vegar samansett af fræðslu sem skólinn eða skólaskrifstofa stendur fyrir og miðast við að allir eða ákveðnir hópar kennara og starfsmanna taki þátt. Hins vegar er um að ræða fræðslu sem kennarar og starfsmenn velja sjálfir.

Skilgreining á endur- og símenntun er eftirfarandi:

- Námskeið á vegum skólans/skóladeildar – greitt af sveitarfélagi
- Námskeið sem kennarar velja sjálfir og greiða úr Starfsmenntunarsjóði
- Sjálfsnám
- Námsefnisgerð
- Kennsla á námskeiðum
- Annað sem samkomulag er um að teljist til símenntunar/starfsþróunar

### Helstu námskeið og fræðslufundir á skólaárinu

Stærsta verkefni skólaársins snýst um innleiðingu leiðsagnarnáms. Verulegum tíma verður varið til þess verkefnis og gert er ráð fyrir að allir kennarar skólans taki þátt í því með því að ákveða sínar áherslur, prófa sig áfram og rýna í árangur.

Hér á eftir má finna yfirlit yfir helstu endurmenntunarverkefni ársins en listinn er þó tæplega tæmandi þar sem ýmis fræðsluverkefni detta gjarnan inn á dagskrá yfir veturinn.

- Leiðsagnarnám - sjá fundaáætlun hér frammar í starfsáætluninni. Auk þess farið í námsferð til London þar sem aðaláherslan verður á leiðsagnarnám.
- Jákvæður agi - námskeið á starfsdögum á hausti og ýmis fræðsla yfir veturinn.
- Stofufundir - kynningar og umræðufundir með kennurum.
- Réttindaskóli - fræðsla og umræðufundir.
- Samstarf í teymi - kennarar
- Utís ráðstefnan - meirihluti kennara skólans tekur þátt í ráðstefnunni og fræðast þar um fjölbreytt efni sem tengist námi og kennslu
- Verkfærakistan - KVAN, leiðtoganámskeið, framhald fyrir tvo kennara.
- Verkfærakistan - KVAN, sex skipti - fyrir skráða kennara.
- Þjónandi forysta - námskeið fyrir skólastjórnendur
- Örnámskeið í tölvum og tækni. Námskeið og vinnufundir á vegum kennsluráðgjafa upplýsingatækni jafnt og þétt yfir skólaárið.

Auk þess sækja einstaka starfsmenn önnur námskeið, einir eða í minni hópum.

